

**Skýrsla stjórnar**  
október 2015 - október 2017

**Skýrslur**  
**aðildarfélaga**

Landssamband ísl. verzlunarmanna  
30. þing á Akureyri 13. - 14. október 2017

## **ÞING LÍV FRÁ STOFNUN**

1	Stofnfundur 1. - 2. júní 1957	Reykjavík, hús VR að Vonarstræti
2	8. - 10. maí 1959	Reykjavík, hús VR að Vonarstræti
3	5. - 7. maí 1961	Reykjavík
4	3. - 5. maí 1963	Sauðárkrókur, samkomuhúsið Bifröst
5	7. - 9. maí 1965	Selfoss, samkomusalur Selfossbíós
6	17. - 19. febrúar 1967	Reykjavík, hús Slysavarnarfélag Ísl.
7	4. - 6. september 1969	Akureyri, samkomusalur Sjálfsbjargar
8	25.- 27. febrúar 1972	Reykjavík, Hótel Esja
9	14. - 16. september 1973	Borgarnes
10	3. - 5. október 1975	Höfn í Hornafirði
11	4. - 6. nóvember 1977	Reykjavík, Hótel Loftleiðir
12	2. - 4. nóvember 1979	Stykkishólmur
13	12. - 14. júní 1981	Reykjavík, Hótel Saga
14	14. - 16. október 1983	Húsavík, Hótel Húsavík
15	15. - 17. nóvember 1985	Reykjavík, Hótel Esja
16	13. - 15. nóvember 1987	Akureyri, Alpýðuhúsið
17	13. - 15. október 1989	Reykjavík, Hótel Saga
18	24. - 26. maí 1991	Akureyri, Alpýðuhúsið
19	7. - 9. maí 1993	Reykjavík, Hótel Saga
20	26. - 28. maí 1995	Kirkjubæjarklaustur
21	10. - 12. október 1997	Reykjavík, Grand Hótel
22	7. - 9. maí 1999	Akureyri, Alpýðuhúsið
23	26. - 27. október 2001	Reykjavík, Hótel Saga
	3. - 4. maí 2002, framhaldsþing	Akureyri, Hótel KEA
24	14. - 15. nóvember 2003	Reykjavík, Hótel Saga
25	11. - 12. nóvember 2005	Akureyri, Hótel KEA
26	2. - 3. nóvember 2007	Reykjavík, Nordica Hótel
	19. - 20. september 2008	Akureyri, Hótel KEA
27	13. - 14. maí 2011	Reykjavík, Hilton, Nordica Hótel
28	8. - 9. nóvember 2013	Akureyri, Menningarhúsið Hof
29.	16. - 17. október 2015	Akureyri, Hótel KEA
30	13. - 14. október 2017	Akureyri, Menningarhúsið Hof



## **FJÖLDI KVENNA OG KARLA Í AÐILDARFÉLÖGUM LÍV 1. JANÚAR 2016**

	<u>Greiðandi</u>		<u>Samtals</u>	<u>Meðal ársverk</u>
	Karlar	Konur		
VR	13.066	17.219	30.285	22.760
Stéttarfélag Vesturlands	41	100	141	86
Vlf. Snæfellinga	12	36	48	43
Vlf. Vestfirðinga	78	176	254	183
Stéttarfél. Samstaða	23	38	61	42
Vmf. Skagafjarðar	53	123	176	104
FVSA	714	1.056	1.770	1.243
Framsýn Stéttarfélag	59	157	216	82
Vlf. Þórshafnar	2	13	15	10
AFL- Starfsgreinafélag	79	148	227	159
Vmf. Suðurlands	208	458	666	349
Vmf. Suðurnesja	368	824	1.192	804
Samtals	14.703	20.348	35.051	25.865

## **FJÖLDI KVENNA OG KARLA Í AÐILDARFÉLÖGUM LÍV 1. JANÚAR 2017**

	<u>Greiðandi</u>		<u>Samtals</u>	<u>Meðal ársverk</u>
	Karlar	Konur		
VR	13.434	17.343	30.777	24.964
Stéttarfélag Vesturlands	42	99	141	74
Vlf. Snæfellinga	17	39	56	47
Vlf. Vestfirðinga	119	207	326	191
Stéttarfél. Samstaða	22	44	66	48
Vmf. Skagafjarðar	82	216	298	116
FVSA	769	1.210	1.979	1.249
Framsýn Stéttarfélag	61	150	211	139
Vlf. Þórshafnar	1	14	15	13
AFL- Starfsgreinafélag	84	200	284	178
Vmf. Suðurnesja	422	929	1.351	955
Samtals	15.053	20.451	35.504	27.974

## ÞRÓUN FÉLAGSMANNAFJÖLDA FRÁ 1. JANÚAR 200 - 2017



## STJÓRN LÍV SÍÐASTA KJÖRTÍMABILS

**Formaður** Guðbrandur Einarsson

### **Aðalmenn í stjórn**

Ólafía B. Rafnsdóttir, VR – varaformaður til 16. mars 2017

Kristín María Björnsdóttir, VR deild Austurland – varaformaður frá 19. apríl 2017

Páll Örn Líndal, VR - ritari

Gils Einarsson, VMS -og VR frá 1. janúar 2017

Benóný V. Jakobsson, VR

Eiður Stefánsson, FVSA

Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir, VR - aðalmaður frá 19. apríl 2017

### **Varamenn í stjórn**

Elva Hrönn Hjartardóttir, VR

Bjarni Daníelsson, VR deild Vestmannaeyjar

Hjörtur Geirmundsson, Vmf. Skagafjarðar

Júnía Þorkelsdóttir, VR

Bryndís Kjartansdóttir, VS

## VERKASKIPTING STJÓRNAR

Ólafía B. Rafnsdóttir var kjörin í embætti varaformanns og Páll Örn Líndal ritari sambandsins. Ólafía vék úr öllum störfum á vegum LÍV eftir að hún féll í formannskjöri í mars 2017. Hún sat í stjórn sambandsins frá 2013 og var jafnframt varaformaður þann tíma. Henni voru færðar þakkir fyrir störf í þágu LÍV.

Kristín María Björnsdóttir var kosin varaformaður á stjórnarfundi LÍV þann 19. apríl 2017 en hún hefur setið í stjórn LÍV frá 1999.

## SKRIFSTOFAN

Skrifstofa LÍV er í Kringlunni 7, Reykjavík og hefur VR séð um rekstur sambandsins frá árinu 2002 samkvæmt þjónustusamningi. Starfsemi LÍV hefur verið með hefðbundnum hætti þetta kjörtímabil. Samkvæmt samningi renna skatttekjur sambandsins til VR en félagið greiddi kr. 500.000 framlag til LÍV ár hvert til ársins 2014 sem hækkað var í kr. 1.438 þús. árið 2015 þegar gerður var nýr þjónustusamningur við VR. Samkvæmt honum er miðað er við hækkun/lækkun grunnfjárhæðar innheimts skatts LÍV eins og hann var árið 2014.

Starfsmenn LÍV voru á tímabilinu Guðbrandur Einarsson, formaður LÍV í 37,5% starfi og Ástríður S. Valbjörnsdóttir í 50% starfi.

## ANDLÁT



**Hannes Þ. Sigurðsson** lést 17. apríl 2014, 84 ára gamall.

Hann sat í framkvæmdastjórn LÍV fyrir hönd VR frá árinu 1961 til 1991. Hann var varamaður sambandsins frá 1972 til 1987 og ritari frá 1965 til 1972. Hannes starfaði hjá Sjóvá og var virkur í félagsmálum bæði innan verkalyðs- og íþróttahreyfingarinnar.



**Reynir Jósefsson** lést 16. desember 2016 75 ára gamall.

Hann sat í framkvæmdastjórn LÍV fyrir hönd VR frá árinu 1981 til 1993. Reynir var starfsmaður VR á kjaramálasviði til fjölda ára. Hann var ávallt boðinn og búinn til að aðstoða á þingum LÍV.

## FUNDIR

Á kjörtímabilinu voru haldnir 15 stjórnarfundir og 3 formannafundir.

### Fundur formanna og starfsmanna aðildarféлага 26. febrúar 2016

Þema fundarins voru kjarasamningar og starfsmenntamál. Kynning á breytingum sem hafa orðið á kjarasamningnum og úthlutunarreglum SVS

Elías G. Magnússon, forstöðumaður kjaramálasviðs VR fór yfir kjarasamninginn og þær

breytingar sem hafa átt sér stað frá gerð síðustu samninga. Hann fór einnig yfir launahækkanir, útfærslu á launum ungmenna, persónubundin laun, starfsmannaviðtöl, samkeppnisákvæði nýjar bókanir og fl.

Selma Kristjánsdóttir, starfsmaður SVS fór yfir breytingar á reglugerð Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks.

Alls sátu fundinn um 20 fulltrúar frá 10 aðildarfélögum LÍV.



### Formannafundur haldinn 20. janúar 2017

Haldin voru fjögur erindi:

- *Staða efnahagsmála - helstu áskoranir og tækifæri - Henný Hinz, hagfræðingur ASÍ*  
Fram kom að staða efnahagsmála væru almennt góð og útlit fyrir góðan hagvöxt sem drifinn væri áfram af fjölgun ferðamanna, auknum fjárfestingum og einkaneyslu. Húsnæðisverð væri orðið sögulega hátt og héldi áfram að hækka, verðbólgan væri undir markmiði Seðlabanka en styrking krónunnar hefur hjálpað til að halda verðbólgu í skefjum. Mikil fjölgun starfa hefur orðið, aðallega í ferðaþjónustu ásamt fjölgun erlendra starfsmanna.
- *Staða kjaramála - hvert stefnum við? - Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ*  
Fór yfir forsendur kjarasamninga.
  - *Efndir á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 29. maí 2016 um húsnæðismál.*
  - *Mat og tilkynning fyrir lok febrúar 2017 á því hvort launastefna og launahækkanir í samningnum hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaðinum.*
  - *Forsendunefndin skal fjalla um í febrúar 2016, 2017 og 2018 hvort markmið samningsaðila um aukinn kaupmátt hafi gengið eftir.**Farið yfir rammisamkomulag frá október 2015.*

- *Íslenska lífeyrissjóðakerfið og réttindi í Lífeyrissjóði verzlunarmanna - Tómas Möller, löfgræðingur LV og Margrét Kristinsdóttir, deildarstjóri lífeyrisdeildar LV*  
Þriggja stoða lífeyriskerfi á Ísland.

- I. Stoð Almennatryggingar.  
Tekjutengdur ellilífeyrir frá 67 ára aldri. Hámark kr. 281.050 fyrir skatt. Háður tekjutengingu og pólitík
- II. Stoð Sjóðmynduð samtrygging lífeyrissjóða 4% + 8%  
Lögbundinn lífeyrisparnaður.  
Ævilangur lífeyrir c.a.56% af meðallaunum m.v. heila starfsævi frá 65 – 70 ára.  
Mismunandi réttindaávinnslukerfi
- III. Stoð Séreign í lífeyrissjóðum, banka og fl. 4% + 2%  
Lífeyrisparnaður í séreign. Laus til útgreiðslu frá 60 ára aldri.



Farið yfir m.a. samanburð á réttindaávinnslu LV, Gildi og LSR, verðmæti viðbótarlífeyrissparnaðar (reiknivél), meginreglur laga um lífeyrissjóð, skiptingu réttinda milli hjóna og framreikning örorkulífeyris. Greiðslur úr lífeyrissjóði eru frestun á launagreiðslum. Réttindi sjóðfélaga (elli- örorku- maka- og barnalífeyrir) koma öll úr einum og sama pottinum, lífeyrisgreiðslur eru því takmörkuð auðlind.

- *Kjarasamningurinn – staðan í dag - Elías G. Magnússon, forstöðumaður kjaramálasviðs VR*

Fundinn sátu 16 fulltrúar frá 10 aðildarfélögum LÍV.

### **Formannafundur 27. febrúar 2017**

Gestur fundarins var Gylfi Arnbjörnsson sem fór yfir stöðu kjaramála. Afstaða tekin í baklandinu hvort segja ætti upp gildandi kjarasamningi.

Formenn 3 aðildarfélaganna sátu fundinn og 2 á símafundi.

## **STARFSMENNTASJÓDIR**



### **Fulltrúar í stjórnnum starfsmenntasjóða**

**Stjórn SVS:** Teitur Lárusson, Eiður Stefánsson og Ingibjörg Ósk. Birgisdóttir. Til vara Gils Einarsson og Guðrún B. Hallbjörnsdóttir



**Stjórn SV:** Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Selma Kristjánsdóttir



### **Vinnuhópur um miðlægan gagnagrunn**

Á vormánuðum 2016 var unnið markvisst að sameiginlegum gagnagrunni aðildarfélaganna LÍV þar sem gengið yrði út frá því í fyrstu atrennu að hægt væri að lesa iðgjöld milli kerfa og að kerfið myndi lesa styrki sem veittir eru af sjóðnum. Í fyrstu gáfu ekki öll hugbúnaðarfyrirtækin kost á sér í frekari hönnun/vinnu varðandi útfærslu á þjónustukerfi vegna anna og fór verkefnið því í bið. Nokkurt skrið komst á verkefnið í maí og júní 2016 og töldu hugbúnaðarfyrirtækin sig hafa

funduð lausnir sumarið 2016. Sjóðurinn greiddi þá tveimur hugbúnaðarfyrirtækjum DK-hugbúnaður og INIT (Jóakim) forritunarvinnu samtals kr. 1.532.724. Árangurinn lét aðeins á sér standa, lesturinn var stopull og skilaði sér ekki sem skildi frá DK-hugbúnaði og er sú vinna enn í gangi af hálfu DK-hugbúnaðar. Móttaka upplýsinga af hálfu kerfis VR er tilbúið til lestu og veita starfsmenn upplýsingar til hýsingaraðila um það hvaða gögn þurfa að berast svo lesturinn eigi sér stað. Nokkur aðildarfélög LÍV nota Bóta og fóru vinnan af þeirra hálfu í algjöra biðstöðu vegna veikinda starfsmanns Bóta. Fram að haustmánuðum höfðu upplýsingar frá Bóta borist til lestu frá Suðurnesjum og Suðurlandi með góðum árangri til sameiginlegs kerfis sjóðsins. Í upphafi árs 2017 hófst vinnan á ný og gekk lestur frá kerfi INIT vel fyrir sig og upplýsingar um veitta styrkir að auki. Staðan í september 2017 er þess eðlis að enn eru hnökur á vinnu frá DK-hugbúnaði sem eru í ferli og upplýsingar frá Bóta í vinnslu.

Næstu skref í vinnunni er að tryggja að öll aðildarfélögin hafi brú til lestu í sameiginlegt kerfi þar sem iðgjaldaupplýsingar berast sem og greiddir styrkir félaganna frá sjóðnum. Áframhaldandi þróun mun eiga sér stað á næstu misserum með það að markmiði að aðildarfélögin geti skilað uppgjöri/skilagreinum rafrænt til starfsmanna sjóðsins og ávallt stuðst við uppfærð gögn t.a.m. fyrirtækja á lækkuðu iðgjaldi hvers tímabils.



## **KJARAMÁL**

Kjarasamningur var undirritaður 21. janúar 2016 við Samtök atvinnurekenda og 22. janúar 2016 við Félag atvinnurekenda.

Samningurinn byggir á rammksamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 27. október 2015 og bókun um lífeyrisréttindi frá 5. maí 2011 og er ætlað að tryggja jafnræði kjarapróunar á vinnumarkaði á grundvelli sameiginlegrar launastefnu og jöfnun lífeyrisréttinda milli almennra og opinbera vinnumarkaðarins. Markmið með kjarasamningunum er tvíþætt þ.e. annars vegar að hækka ávinnslu lífeyrisréttinda á almennum vinnumarkaði úr 56% í 76% með hækkun í áföngum úr 8% í 11,5% og hins vegar að laga launa- og kjarabreytingar árána 2016 - 2018 að rammksamkomulaginu.



## KJARASAMNINGUR

milli

Alþýðusambands Íslands, Flóabandalagsins<sup>1</sup>, Landssambands íslenskra  
verslunarmanna, Rafiðnaðarsambands Íslands, Samiðnar- sambands iðnfélaga  
og Starfsgreinasambands Íslands f.h. aðildarfélaga og VR, Stéttarfélags  
Vesturlands, VM félags vélstjóra og málmþæknimanna, Félags hársnyrtisveina,  
Grafíu – stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum, Félag leiðsögumanna,  
MATVÍS og Mjólkurfræðingafélags Íslands

og

Samtaka atvinnulífsins

### 1.gr.

#### Grundvöllur samningsins

Samningur þessi byggir á rammksamkomulagi aðila, dags. 27. október 2015 og bókun um lífeyrismál um jöfnun lífeyrisréttinda, dags. 5.5. 2011.

### 2.gr.

#### Gildissvið

Samningur þessi tekur til þeirra almennu kjarasamninga sem aðilar gerðu sín á milli á tímabilinu maí til september 2015. Aðra kjarasamninga aðila, sem og samninga sem byggja á 5. kafla aðalkjarasamninga um fyrirtækjapátt, skal uppfæra sérstaklega í samræmi við grein 2.b. í rammksamkomulagi, dags. 27. október 2015, sem segir að kostnaðarhækkun vegna kjarasamninga (að meðtöldum kostnaði vegna jöfnunar lífeyrisréttinda) skuli ekki verða meiri en samsvarar vísitölugildinu 132 í árslok 2018, miðað við gildið 100 í nóvember 2013. Þessari vinnu verði lokið fyrir lok mars og miðist við að breytingar taki gildi á sömu dagsetningum og í þessum samningi.

### 3. gr.

#### Framlag í lífeyrissjóði

Framlag launagreiðenda hækki og verði eftirfarandi:

Frá 1. júlí 2016: 8,5%.

Frá 1. júlí 2017: 10,0%.

Frá 1. júlí 2018: 11,5%.

Samstaða er meðal aðila vinnumarkaðar um samræmingu lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins þannig að einstaklingum á vinnumarkaði verði, við 67 ára aldur, tryggður mánaðarlegur ellilífeyrir sem nemi 76% af meðaltals mánaðartekjum sem viðkomandi höfðu á starfsævinni. Almenna lífeyriskerfið hefur hingað til miðast við 56%. Þessi trygging felur í sér 35% meiri ávinnslu lífeyrisréttar en áður og næst með hækkun framlags launagreiðenda úr úr 8,0% í 11,5%. Við endurskoðun kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál, sem ljúka skal fyrir lok maí 2016, verði einstaklingum heimilt að ráðstafa, að hluta eða fullu, 3,5% auknu framlagi

<sup>1</sup> Til Flóabandalagsins teljast Efling-stéttarfélag, Verkalýðsfélagið Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis

launagreiðanda í bundinn séreignarsparnað í stað samtryggingar til að auðvelda launafólki starfslok og auka sveigjanleika. Með bundnum séreignarsparnaði er átt við að settar eru þrengri skorður en gilda gagnvart öðrum viðbótarlífeyrissparnaði. Nauðsynlegt er að undirbúa þessa heimild vandlega. Annars vegar með tilliti til tryggingafræðilegrar stöðu lífeyriskerfisins og hins vegar með tilliti til áhrifa þessa vals á réttindi til áfalla- og fjölskyldutrygginga og ævilangs lífeyris þannig að sjóðfélagar geti tekið upplýsta ákvörðun um samsetningu réttinda sinna.

#### 4. gr.

##### Almennar launabreytingar

Launaþróunartrygging fyrir árið 2016 fellur brott. Í stað hennar kemur 6,2% almenn launahækkun þann 1. janúar 2016, að lágmarki kr. 15.000 á mánaðarlaun fyrir dagvinnu, þ.m.t. hækkun annarra kjaratengdra liða en desember og orlofsuppbóta, sbr. þó meðfylgjandi bókun með þessari grein.

1. maí 2017: 4,5% almenn launahækkun.

1. maí 2018: 3,0% almenn launahækkun.

#### 5. gr.

Hafi þau frumvörp sem félags- og húsnæðismálaráðherra flutti á Alþingi í desember 2015 um húsnæðisbætur og almennar íbúðir ekki verið afgreidd sem lög án verulegra efnisbreytinga fyrir lok febrúar 2016, eru aðilar sammála um að fresta skoðun forsendunefndar í febrúar 2016 hvað þessi frumvörp varðar til febrúar 2017 og telst það þá vera ný forsenda.

#### 6. gr.

##### Afgreiðsla sammingsins

Kjarasamning þennan skal með vísan til 2. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, bera upp í sameiginlegri atkvæðagreiðslu félagsmanna allra aðildarfélaga Alþýðusambandsins sem taka laun skv. almennum kjarasamningum við SA frá í maí til september 2015 og skulu atkvæði talin sameiginlega. Með sama hætti verður kjarasamningurinn borinn upp í sameiginlegri atkvæðagreiðslu aðildarfyrirtækja Samtaka atvinnulífsins. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 eru aðilar sammála um að tilkynna skuli niðurstöðu atkvæðagreiðslna fyrir kl. 14:00 26. febrúar 2016.

##### Bókun til skýringar á 4. gr.


Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. og þrátt fyrir ákvæði bókunar aðila frá 5.5.2011 um almennar launahækkunir, er launagreiðanda heimilt að draga frá umsáminni launahækkun á árinu 2016, ótilkynnta almenna hækkun launa starfsmanna sem framkvæmd hefur verið eftir gildistöku kjarasamninga viðkomandi aðildarsamtaka á árinu 2015 og fram að undirskrift þessa sammings, hafi launagreiðandi framkvæmt slíka hækkun launa gagnvart þorra starfsmanna. Þó skal enginn starfsmaður fá minna en 6,2% launahækkun, að lágmarki kr. 15.000 á mánaðarlaun fyrir dagvinnu, á tímabilinu 2. maí til 31. desember 2015.

Reykjavík, 21. janúar 2016

F.Þ. Alþýðusambands Íslands



F.h. Samtaka atvinnulífsins



F.h. VR



F.h. Flóabandalagsins og Stéttarfélags Vesturlands



F.h. Landssambands íslenskra verslunarmanna/VR



F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands




F.h. Samiðnar - sambands iðnfélaga



F.h. Starfsgreinasambands Íslands



F.h. félaga með beina aðild



FÉLAG  ATVINNUREKENDA



 Landssamband íslenskra verslunarmanna

## **Helstu atriði í kjarasamningi aðildarféлага ASÍ og SA frá 21. janúar 2016**

Kjarasamningurinn byggir á rammisamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 27.10 2015 og bókunar um lífeyrisréttindi frá 5.5 2011 og er ætlað að tryggja jafnræði í kjarabréun á vinnumarkaði á grundvelli sameiginlegrar launastefnu og jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins.

Markmiðið með kjarasamningunum er tvíþætt:

1. Að hækka ávinnslu lífeyrisréttinda á almennum vinnumarkaði úr 56% í 76% af meðalævitekjum launafólks og jafna þau milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Þetta verður gert með því að hækka í áföngum það lágmarks iðgjald sem atvinnurekandi greiðir í lífeyrissjóð um 3,5% stig úr 8% í 11,5%.
2. Að laga launa- og kjarabreytingar áranna 2016-2018 að rammisamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 27.10 2015.

### **Launaliðir**

2016 Í stað 5,5% launabréunartryggingar kemur 6,2% almenn launahækkun. Launahækkunin kemur til framkvæmda 1. janúar 2016 í stað 1. maí 2016.

Hafi launagreiðandi framkvæmt almenna hækkun launa gagnvart þorra starfsmanna á tímabilinu 2. maí 2015 til 31. janúar 2016 er heimilt að draga hana frá hækkuninni. Þó skal enginn starfsmaður fá minna en 6,2% launahækkun á tímabilinu 2. maí til 31. janúar

2017 Í stað 3,0% almennrar launahækkunar 1. maí 2017 kemur 4,5% almenn launahækkun

2018 Í stað 2,0% almennrar launahækkunar 1. maí 2018 kemur 3,0% almenn launahækkun

### **Lífeyrisréttindi**

Framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð hækkar og verður eftirfarandi:

2016 Framlag atvinnurekenda hækkar 1. júní 2016 um 0,5% stig og verður 8,5%

2017 Framlag atvinnurekenda hækkar 1. júní 2017 um 1,5% stig og verður 10,0%

2018 Framlag atvinnurekenda hækkar 1. júní 2018 um 1,5% stig og verður 11,5%

Með þessu eykst réttindaávinnsla um rétt 36% og má ætla að einstaklingur sem greiðir í lífeyrissjóð skv. þessu alla starfsævina geti vænst þess að fá um 76% af meðaltali ævitekna í greiðslu úr lífeyrissjóði við starfslok í stað 56% áður. Örorkubætur og barna- og fjölskyldulífeyrir hækka hlutfallslega eins.

Einstaklingur getur valið að hluti af viðbótar lífeyrisiðgjaldinu verði ráðstafað í séreign. Velji einstaklingur það munu greiðslur úr samtryggingarhluta lífeyrissjóðs hækka hlutfallslega minna sem því nemur.

## **Sameiginleg atkvæðagreiðsla kjarasamninga**

Kjarasamningurinn er gerður undir skilmálum friðarskyldu og fjallar m.a. um jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Löng hefð er fyrir því að breytingar á grundvallaratriðum lífeyriskerfisins séu afgreiddar með sameiginlegum hætti og jafnframt fyrir því að þegar samið er undir friðarskyldu sé það samkomulag afgreitt endanlega af samninganefnd. Samþykkt var bera kjarasamninginn upp til afgreiðslu í einni sameiginlegri atkvæðagreiðslu félagsmanna með vísan til 2.mgr. 5.gr. laga nr. 80/1938.

Sameiginlegri allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ um kjarasamning milli aðildarsamtaka ASÍ og Samtaka atvinnurekenda frá 21. janúar 2016 lauk á hádegi þann 24. janúar. Samningurinn var samþykktur með 91,28% greiddra atkvæða. Á kjörskrá voru 75.635 félagsmenn. Atkvæði greiddu 10.653 eða 14,08%. Já sögðu 9.724 en 832 sögðu nei eða 7,81%. Auðu skiluðu 97 eða 0,91%.

Sameiginlegri atkvæðagreiðslu um kjarasamning VR/LÍV við Félag atvinnurekenda frá 22. janúar 2016 lauk á sama tíma og var samningurinn samþykktur með 91,59% greiddra atkvæða. Á kjörskrá voru 1.677 félagsmenn. Atkvæði greiddu 321 eða 19,14%. Já sögðu 294 en 25 sögðu nei eða 7,79%. Auðu skiluðu 2 eða 0,62%.

## **Nýtt samningalíkan fyrir íslenskan vinnumarkað**

Í rammisamkomulaginu frá 27. október 2015 eru lögð drög að vinnu við mótun nýs samningalíkans fyrir íslenskan vinnumarkað. Með þessum samningi er ekki verið að taka neina afstöðu til slíks líkans, heldur einungis til jöfnunar lífeyrisréttinda og samræmingu launabreytinga til loka árs 2018.

## **Samkomulag ASÍ og SA um framkvæmd á hækkun framlags atvinnurekenda í lífeyrissjóði á grundvelli samnings aðila frá 21. janúar 2016**

Mótframlag hækkar um 3,5% í þremur áföngum til 2018

- 1. júlí 2016 hækkar mótframlag atvinnurekenda um 0,5% stig
- 1. júlí 2017 hækkar mótframlag atvinnurekenda um 1,5% stig
- 1. júlí 2018 hækkar mótframlag atvinnurekenda um 1,5% stig
  - Hækkun um 0,5% þann 1. júlí nk. mun renna í samtryggingu sjóðsfélaga
  - Frá 1. júlí 2017 getur fólk ráðstafað allt að 2% stigum í bundinn séreignarsparnað
  - Frá 1. júlí 2018 getur fólk ráðstafað allt að 3,5% stigum í bundinn séreignarsparnað

Samkvæmt kjarasamningi aðildarféлага Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaður var 21. janúar 2016 hækkar mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð um samtals 3,5% stig á samningstímanum. Hækkunin kemur til framkvæmda í þremur áföngum, 0,5% stig þann 1. júlí 2016, 1,5% stig þann 1. júlí 2017 og um 1,5% stig þann 1. júlí 2018 og nær til þeirra lífeyrissjóða sem starfa á grundvelli kjarasamnings þessara aðila um lífeyrismál frá árinu 1969 og 1995. Skylduðgjald til lífeyrissjóðs samkvæmt samningi þessum verður þá samtals 15,5% frá 1. júlí 2018, sem skiptist í 4% iðgjald launamanns og 11,5% mótframlag atvinnurekenda.

Samkvæmt samningi aðila frá 21. janúar 2016 verður einstaklingum heimilt að ráðstafa, að hluta eða fullu, auknu framlagi launagreiðanda í bundinn séreignasparnað í stað samtryggingar til að auðvelda launafólki starfslok og auka sveigjanleika.

Atvinnurekendur verður áfram skylt að skila öllu skyldutryggingariðgjaldinu til lífeyrissjóðs viðkomandi launamanns. Sjóðfélagar munu því snúa sér beint til viðkomandi lífeyrissjóðs ef þeir óska eftir því að nýta sér þennan rétt, en lífeyrissjóðir sem starfa á grundvelli kjarasamninga ASÍ og SA munu setja upp sérstakar deildir um þessa bundnu séreign.

Ljóst er að núverandi löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða hefur ekki að geyma ákvæði sem heimilar sjóðsfélögum eða lífeyrissjóðum að ráðstafa hluta af skylduiðgjaldi í bundna séreign. Einnig er ljóst að tíminn fram til 1. júlí 2016 er ekki nægur til að lífeyrissjóðirnir geti sett upp gagnsætt og skilvirkt kerfi svo sjóðsfélagar geti tekið upplýsta ákvörðun um að ráðstafa hluta skyldutryggingariðgjalds í bundna séreign og áhrif þeirrar ákvörðunar á samsetningu réttinda sinna.

Því er óhjákvæmilegt annað en að fresta gildistöku heimildar til ráðstöfunar í bundna séreign til 1. júlí 2017 en þá verði launamanni heimilt að ráðstafa allt að 2% stigum í bundna séreign. Frá og með 1. júlí 2018 verði launamanni heimilt að ráðstafa til viðbótar allt að 1,5% stigum til bundinnar séreignar eða samtals allt að 3,5% stigum.

Hækkun framlags atvinnurekenda til lífeyrissjóðs um 0,5% frá og með 1. júlí 2016 verður fyrst um sinn ráðstafað í samtryggingu viðkomandi lífeyrissjóðs þar til valrétturinn tekur gildi frá og með 1. júlí 2017.



**Samkomulag**  
**samninganefndar aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands og**  
**framkvæmdastjórnar Samtaka atvinnulífsins**  
**vegna**  
**uppsagnarákvæða kjarasamninga 28. febrúar 2017**

Ein af forsendum kjarasamninga er brostinn. Það er niðurstaða samninganefndar ASÍ og SA að fresta viðbrögðum vegna forsendubrests þar til í febrúar 2018. Kjarasamningum aðila verður því ekki sagt upp að þessu sinni.

Í kjarasamningum Samtaka atvinnulífsins og aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands frá maí, júní og ágúst 2015 eru ákvæði um samningsforsendur og uppsagnarmöguleika. Þannig er heimilt að segja upp samningum miðað við febrúarlok 2017 með tilvísun til forsendubrests og skal rökstudd ákvörðun tilkynnt í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 þann 28. febrúar 2017. Í samningunum segir jafnframt að standist forsendur þeirra ekki skuli samningsaðilar leita sameiginlega viðbragða.

Forsendunefnd samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og SA hefur komist að þeirri niðurstöðu að fyrsta og síðasta af þremur tilgreindum forsendum hafi gengið eftir. Hún hefur jafnframt komist að þeirri niðurstöðu að forsendan um að launastefna og launahækkunar samninganna, að teknu tilliti til kjarasamnings aðila frá 21. janúar 2016, hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra kjarasamninga, hafi ekki staðist. Þessi forsendubrestur heimilar uppsögn kjarasamninga aðila.


Samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórn SA hafa rætt um sameiginleg viðbrögð við þeirri stöðu sem upp er komin og komist að eftirfarandi niðurstöðu:

Launahækkunar í kjarasamningum sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara frá nóvember 2016 og Félags tónlistaskólakennara frá janúar 2017 hafa verið meiri en felst í sameiginlegri launastefnu rammisamkomulags ASÍ, BSRB, SA, ríkisins, Sambands sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar 27. október 2015.


Á árinu 2017 kemur fjöldi kjarasamninga til endurnýjunar. Rúmist niðurstaða þeirra innan launastefnu rammisamkomulagsins fellur niður sú uppsagnarheimild sem nú er frestað. Í því felst að aðrir samningsaðilar á vinnumarkaði muni fallast á að launaliðir síðustu kjarasamninga FG og FT skapi ekki fordæmi fyrir hækkunar hjá öðrum. Gangi það ekki eftir, að mati forsendunefndar, hefur samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ heimild til að segja upp kjarasamningum aðila, enda sé það gert fyrir kl. 16:00 þann 28. febrúar 2018 og tekur sú uppsögn þá þegar gildi.

Reykjavík, 28. febrúar 2017

F.h. Samtaka atvinnulífsins

  
Hannes G. Sigurðsson

F.h. Alþýðusambands Íslands

  
Guðlaugur Þorgeirsson

**Samkomulag**  
**VR/Landssambands íslenskra verzlunarmanna og Félags atvinnurekenda**  
**vegna**  
**uppsagnarákvæða kjarasamninga 28. febrúar 2017**

Ein af forsendum kjarasamninga er brostin. Það er niðurstaða aðila að fresta viðbrögðum vegna forsendubrests þar til í febrúar 2018. Kjarasamningum aðila verður því ekki sagt upp að þessu sinni.

Í kjarasamningi eru ákvæði um samningsforsendur og uppsagnarmöguleika. Þannig er helmið að segja upp samningum miðað við febrúarlok 2017 með tilvísun til forsendubrests og skal rökstudd ákvörðun tilkynnt í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 þann 28. febrúar 2017. Í samningunum segir jafnframt að standist forsendur þeirra ekki skuli samningsaðilar leita sameiginlega viðbragða.

Forsendunefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að fyrsta og síðasta af þremur tilgreindum forsendum hafi gengið eftir. Hún hefur jafnframt komist að þeirri niðurstöðu að forsendan um að launastefna og launahækkunar samninganna, að teknu tilliti til kjarasamnings aðila, hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra kjarasamninga, hafi ekki staðist. Þessi forsendubrestur heimilar uppsögn kjarasamninga aðila.


Samninganefndir aðila hafa rætt um sameiginleg viðbrögð við þeirri stöðu sem upp er komin og komist að eftirfarandi niðurstöðu:

Launahækkunar í kjarasamningum sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara frá nóvember 2016 og Félags tónlistaskólakennara frá janúar 2017 hafa verið meiri en felst í sameiginlegri launastefnu rammasamkomulags ASÍ, BSRB, SA, ríkisins, Sambands sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar 27. október 2015.


Á árinu 2017 kemur fjöldi kjarasamninga til endurnýjunar. Rúmist niðurstaða þeirra innan launastefnu rammasamkomulagsins fellur niður sú uppsagnarheimild sem nú er frestað. Í því felst að aðrir samningsaðilar á vinnumarkaði muni fallast á að launaliðir síðustu kjarasamninga FG og FT skapi ekki fordæmi fyrir hækkunar hjá öðrum. Gangi það ekki eftir, að mati forsendunefndar, hefur samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ heimild til að segja upp kjarasamningum aðila, enda sé það gert fyrir kl. 16:00 þann 28. febrúar 2018 og tekur sú uppsögn þá þegar gildi.

Reykjavík, 28. febrúar 2017

F.h. Félags atvinnurekenda



F.h. VR og LÍV





# Niðurstaða

## forsendunefndar ASÍ og SA vegna endurskoðunar kjarasamninga í febrúar 2017

Forsendunefnd ASÍ og SA, sem starfar skv. kjarasamningum aðila sem gerðir voru á tímabilinu maí til september 2015, hefur tekið til skoðunar þrjár forsendur samninganna.

Niðurstaðan er eftirfarandi:

### 1. Efndir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, dags. 28.5. 2015

Ríkisstjórnin hefur með yfirlýsingu sinni, dags. 28.2.2017, tryggt fulla fjármögnun á stofnframlögum ríkisins til 2.300 almennra íbúða á árunum 2016-2019 eða að hámarki 600 á ári og að skipting þeirra á milli framkvæmdaaðila og markahópa verði í samræmi við markmið samninganna. Á grundvelli yfirlýsingarinnar telur nefndin að þessi forsenda hafi staðist.

### 2. Mat á því hvort launastefna og launahækkunir samninganna hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði


Kjarasamningar aðila, sem gerðir voru á tímabilinu frá maí til september 2015 með viðbótum í kjarasamningi 21. janúar 2016, byggðu á skýrum kostnaðarramma og launastefnu. Kostnaðarramminn var samningsbundin hækkun launakostnaðar að hámarki 32% frá nóvember 2013 til ársloka 2018. Launastefnan fólst í sérstakri launahækkun fyrir þá lægst launuðu. Frá því nefndin úrskurðaði síðast í febrúar 2016 hefur kjarapróun hjá hinu opinbera ekki verið í samræmi við framangreindan kostnaðarramma og launastefnu. Nefndin telur því að þessi forsenda hafi brostið.

### 3. Aukinn kaupmáttur launa á samningstímanum

Að teknu tilliti til þess að kaupmáttur launa í ársbyrjun 2017 er umtalsvert meiri en við gerð kjarasamninga telur nefndin að þessi forsenda hafi staðist.

Reykjavík 28. febrúar 2017,

Fulltrúar ASÍ í forsendunefnd



Fulltrúar SA í forsendunefnd



Hannas G. Sigurðsson

## **Yfirlýsing**

### **samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórnar Samtaka atvinnulífsins**

### **28. febrúar 2017**

Við endurskoðun og framlengingu kjarasamninga í janúar 2013 lýstu SA og ASÍ yfir vilja samtakanna til þess að koma að sameiginlegum vettvangi með aðilum opinbera vinnumarkaðarins og setja markmið um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Fyrirmynda yrði leitað í nágrannaríkjum okkar þar sem almenn sátt ríkir á vinnumarkaðnum um að kjarasamningar fyrir fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni marki svigrúm til launabreytinga og að aðrir kjarasamningar lúti því merki sem þar er gefið.

- Fyrstu kjarasamningarnir í þessum anda voru gerðir í lok árs 2013 og ársbyrjun 2014 af hálfu aðildarsamtaka ASÍ og BSRB við viðsemjendur sína, en stefna þeirra var brotin niður af kjarasamningum KÍ og ríkisins og BHM og sveitarfélaga skömmu síðar.
- Snemmsumars árið 2015 freistuðu samningsaðilar á almennum vinnumarkaði þess á ný að móta kjarastefnu sem yrði fyrirmynd annarra kjarasamninga, en sú stefna var enn brotin á bak aftur með gerðardómi sem sem batt enda á kjaradeilur BHM og hjúkrunarfræðinga og ríkisins.
- Nú, í febrúar 2017, er enn og aftur komin upp sú staða að kjarasamningar í opinbera geiranum valda forsendubresti í samningum á almennum vinnumarkaði sem gefur tilefni til uppsagnar þeirra.

Þar til viðbótar hafa úrskurðir kjararáðs undanfarin misseri um laun kjörinna fulltrúa, æðstu embættismanna og forstjóra ríkisfyrirtækja gengið þvert á þá launastefnu sem mótast hefur í kjarasamningum.

Þann 27. október 2015 gerðu ASÍ, BSRB, SA, ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg rammasamkomulag um breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Samkomulagið felur í sér sameiginlega launastefnu til ársloka 2018, meginatriði nýs samningalíkans til framtíðar og virkt samstarf aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda.

Í janúar 2016 endurskoðuðu ASÍ og SA kjarasamninga sína til að bregðast við þeirri launastefnu sem mótuð hafði verið með rammasamkomulaginu.

Við endurskoðun kjarasamninga í febrúar 2017 er staðfest að forsenda þeirra um launastefnu og launahækkanir hefur brostið. Samninganefnd aðildarfélaganna ASÍ og framkvæmdastjórn SA hafa í dag náð samkomulagi um að fresta afstöðu til uppsagnar kjarasamninga til loka febrúar 2018. Markmiðið er að skapa aðilum vinnumarkaðarins skilyrði fyrir áframhaldandi vinnu á grundvelli rammasamkomulagsins þrátt fyrir forsendubrestinn. Ákvæði rammasamkomulagsins um launaskriðstryggingu kaupaxta kjarasamninga hefur af hálfu aðildarfélaganna ASÍ og BSRB verið talið snar þáttur í því að skapa samningsaðilum aðstæður til þess að þróa og móta nýtt kjarasamningalíkan.

Það er þó sameiginlegt mat ASÍ og SA að forsenda þess að unnt verði að taka á ný upp vinnu við mótun nýs samningalíkans sé að laun kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna verði breytt frá ákvörðun kjararáðs á árinu 2016 og þróist á grundvelli sömu launastefnu og mótuð var með rammasamkomulaginu með tilvísun í nóvember 2013 sem grunnviðmiðun.

## **Minnisblað vegna fundar félagsmálaráðherra og forystu ASÍ 28. febrúar 2017**

Á fundi félags- og jafnréttismálaráðherra og forystu ASÍ þann 28. febrúar 2017 í velferðarráðuneytinu náðist samkomulag milli aðila um að gerð yrði lagabreyting á lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016 þess efnis að fest verði í lögum reglugerðarheimild en í reglugerðinni verði kveðið á um hlutfall heildarfjölda heimilaðra félagslegra íbúða (almennra íbúða) sem verði varið til tekjulágra einstaklinga á almennum vinnumarkaði. Samkomulagið lýtur að því að þetta hlutfall verði aldrei lægra en 55% en allt að 60% heimilaðra félagslegra íbúða, þó með þeim fyrirvara að umsóknir frá þessum hópi nái svo áðurnefndu hlutfalli. Með vísan til þessa er meðfylgjandi tillaga að lagabreytingu á 13. gr. áðurnefndra laga og greinargerð henni fylgjandi. Hlutfallsskipting þessi tekur til þess tímabils sem yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í húsnæðismálum vegna gerðar kjarasamninga, dags 28.5.2015, tekur til.

### **Við 13. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi**

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um afgreiðslu umsókna, þar með talið þeirra viðmiða sem líta skal til við úthlutun og hlutföll úthlutunar til mismunandi hópa miðað við mat á þörf hverju sinni.

### **Greinargerð**

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í húsnæðismálum frá 28. maí 2015 kemur fram að hún skuldbindi sig til þess að byggja 2300 íbúðir á næstu fimm árum, að hámarki 600 á ári. Að baki þeirri yfirlýsingu, sem gerð var m.a. til að liðka fyrir gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, liggur m.a. sú staðreynd að mikið skorti af leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði fyrir tekjulágt fólk á almennum vinnumarkaði.

Mikilvægt er að úthlutanir á stofnframlögum byggist á mati á þörf fyrir uppbyggingu og að við úthlutun sé tekið mið af því ef þörf fyrir húsnæði fyrir ákveðna hópa sé meiri en annarra. Þannig verða stofnframlögin tæki til að tryggja ákveðið jafnvægi á húsnæðismarkaði og geti jafnframt verið tæki til að bregðast við þeim þörfum sem uppi eru hverju sinni. Íbúðalánasjóður er nú að vinna, ásamt sveitarfélögunum, að gerð húsnæðisáætlana sem koma til með að mynda grunn í heildarstefnumörkun í húsnæðismálum. Ljóst er þó að slík vinna tekur tíma og er því gert ráð fyrir að við setningu viðmiða á grundvelli reglugerðarheimildar þeirrar sem hér er lagt til að bætist við 13. gr. laganna um almennar íbúðir, verði horft til þeirrar greiningar og skiptingar sem unnið var með við gerð framangreindar yfirlýsingar þar til heildaráætlun um þörf fyrir húsnæðisuppbyggingu liggur fyrir. Verður þannig gert ráð fyrir að sveitarfélögin muni áfram eiga sinn lögbundna rétt til að lágmarki fjórðungs stofnframlaga. Þá verði allt að 60% og aldrei lægra en 55% stofnframlaga varið til umsókna um uppbyggingu á húsnæði sem ætlað er tekjulágum leigjendum, þó með þeim fyrirvara að fjöldi umsókna þess hóps nái ekki því marki. Þá verði því sem út af stendur varið til annarra hópa miðað við mat á þörf og umsóknir hverju sinni.

## **Heimsókn til forsætisráðherra**

Formaður LÍV átti fund með forsætisráðherra, Bjarna Benediktssyni þann 21. júní sl. Forsætisráðherra kallaði til fundar við sig formenn nokkurra sambanda og stéttarféлага til að kanna hvað þeir teldu að leggja bæri áherslu á varðandi kjarasamninga á komandi misserum. Á þessum fundi hefði m.a. verið farið yfir möguleikann á því að viðhalda stöðugleika, rætt var um húsnæðismál, verðlag, vexti og fl. Hann hefði átt góðan fund með ráðherra og fannst virðingarvert af forsætisráðherra að kalla þessa aðila til skrafs og ráðagerðar.

## Fundur ASÍ og stéttarféлага um félagsaðild og atvinnugreinar

Formannafundur á vegum ASÍ var haldinn þann 22. maí 2017 til að ræða félagsaðild, færslu réttinda milli stéttarféлага og skráningu atvinnugreina í rétt stéttarfélög. Fundurinn var haldinn með þjóðfundarfyrirkomulagi. Fram kom hversu slæmt það væri fyrir félagsmenn að tapa uppsöfnuðum réttindum þegar þeir færðust á milli félaga. Umræða var um hina fjölmörgu starfsgreinasamninga sem eru í nafni hvers félags fyrir sig.

Mikið efni liggur fyrir eftir fundinn sem skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ mun taka saman og vinna úr.

## LAGABREYTINGAR AÐILDARFÉLAGA

Samþykktar voru lagabreytingar VR og AFLs Stéttarfélags á árinu 2017.

## NÝIR FORMENN AÐILDARFÉLAGA

### **Verkalýðsfélag. Vestfirðinga**

Margrét J. Birkisdóttir var kosin formaður deildar verslunarmanna í apríl 2016. Hún tók við af Finni Magnússyni sem lét af embætti sem formaður deildarinnar eftir 17 ár. Hann var áður formaður Verslunarmannafélags Ísafjarðar frá 1999 en verslunarmenn gengu til liðs við Vlf. Vestfirðinga við stofnun þess árið 2002.



### **Verkalýðsfélag Þórshafnar**

Sigríður Jóhannesdóttir var kosin formaður deildar verslunar og skrifstofufólks í Vlf. Þórshafnar á aðalfundi félagsins 2016 og starfar hún á skrifstofu félagsins. Hún tók við af Kristínu Kristjánsdóttur, sem hafði jafnframt starfaði á skrifstofu félagsins í fjölda ára.

## SAMEINING AÐILDARFÉLAGA

### **Verslunarmannafélag Suðurlands sameinast VR**

Skrifað var undir samning milli Verslunarmannafélags Suðurlands og VR þann 30. desember 2016 og var hann samþykktur í allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna VMS þann 30. janúar 2017 með 85% atkvæða. Sameiningin var samþykkt á aðalfundi VR þann 28. mars 2017. Skrifstofa VR deildar Suðurlands er rekin sameiginlega með Stéttarfélaginu Bárinni og starfa þrjú starfsmenn í 100% starfi fyrir deildina innan VR.




Við sameininguna bauð Ólafía, formaður VR önnur aðildarfélög LÍV velcomin til samstarfs við VR. Telur hún mikilvægt að félagsmenn sem tilheyra kjarasamningum verslunarmanna njóti bestu þjónustu hvar á landinu sem þeir búa. Mikið samstarf er á milli aðildarfélaganna við VR samkvæmt samningi við LÍV þá aðallega vegna kjarasamningsgerðar og túlkunar á inntaki þeirra.

## ÚTGÁFA

### **Kjarasamningar**

Kjarasamningur milli LÍV og Samtaka atvinnulífsins sem gildir frá 1. maí 2015 - 31. desember 2018 var gefinn út á prentuðu formi. Samningurinn hafði áður verið gefinn út á rafrænu formi þar sem óljóst var hvort hann myndi halda. Samningur milli LÍV og Félags atvinnurekenda var eingöngu gefinn út á rafrænu formi.

### **Minningarverkefni**



Samkvæmt ákvörðun stjórnar Landssambands ísl. verzlunarmanna og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og var áætlað að vinna að þróunarverkefni til minningar um fyrrverandi formann SVS og LÍV Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur. Ingibjörg var mikil hugsjónarmanneskja varðandi menntun félagsmanna og vildi sérstaklega beina athygli að úrræðum fyrir félagsmenn sem glíma við lesblinduvanda.

Í mars 2015 var undirritaður samningur um þróunarstyrk til Félags lesblindra á Íslandi. Samkvæmt samningi var áætlað að gefa út sérstakt kynningarefni varðandi lesblindu á vinnustaðnum. Áður en samningur var undirritaður var búið að skrifa og hanna sérstakan bækling fyrir vinnustaði þar sem fjallað er um einkenni lesblindu á vinnustaðnum, hvernig megi nýta styrkleika þess lesblindu og hvaða hjálpartæki séu í boði. Í framhaldi voru unnin stutt kynningarmyndbönd um helstu hjálpartæki sem nýtast geta lesblindum á vinnustaðnum. Heildargreiðslur voru kr. 3.828.390 og skiptust greiðslurnar í þrennt eftir framgangi verksins. Fyrsta greiðsla við undirritun samnings, önnur um miðbik verkefnis og sú þriðja við verklok þegar allar afurðir lágu fyrir. Sjá myndbönd á heimasíðu [www.lesblindir.is](http://www.lesblindir.is)



## ASÍ

42. þing ASÍ var haldið dagana 26. - 28. október 2016 í Reykjavík og átti LÍV rétt á 98 fulltrúum. Þema þingsins var „Samstaða í 100 ár - sókn til nýrra sigra“.

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR var endurkjörin fyrsti varaforseti.

Kosin voru í kjörnefnd næsta þings fyrir hönd LÍV þau Gils Einarson, VMS og Kristín M. Björnsdóttir, VR.

4. þing ASÍ-UNG var haldið 23. september 2016 með yfirskriftinni „Ekkert um okkur - án okkar“. Stjórnarmenn eiga seturétt á þingi ASÍ. Kosin voru, fyrir hönd LÍV, þau Eva Demireva, VR og Helgi S. Jóhannsson, FVSA og Fjola Helgadóttir, VR til vara



### **Fulltrúar LÍV í nefndum á vegum ASÍ**

#### **Miðstjórn**

Aðalmenn frá LÍV: Guðbrandur Einarsson, VS, Eiður Stefánsson, FVSA, Ingibjörg Ó. Birgisdóttir, VR og Benóný Valur Jakobsson, VR.

Til vara: Kristín M. Björnsdóttir, VR, Gils Einarson, VMS, Bjarni Þór Sigurðsson, VR, Hjörtur Geirmundsson, Vmf. Skagafjarðar, og Kristjana Þ. Jónsdóttir, VR.

Aðalskoðunarmenn frá LÍV: Bryndís Kjartansdóttir, VS. Anna María Elíasdóttir, FVSA til vara.

## **Fastanefndir**

**Alþjóðanefnd:** Bjarni Þór Sigurðsson. Ingibjörg Ó. Birgisdóttir til vara.

**Atvinnumálanefnd:** Eiður Stefánsson. Kristín M. Björnsdóttir til vara.

**Jafnréttis- og fjölskyldunefnd:** Helga Ingólfssdóttir. Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir til vara. Áheyrnarfulltrúi Fjóla Helgadóttir, ASÍ-UNG.

**Menntanefnd:** Ingibjörg Ó. Birgisdóttir. Kristín M. Björnsdóttir til vara. Áheyrnarfulltrúi Eva Demireva ASÍ-UNG.

**Efnahags- og skattanefnd:** Guðbrandur Einarsson. Kristín M. Björnsdóttir til vara.

**Lífeyris- og veikindaréttanefnd:** Ragnar Þór Ingólfsson. Kristín M. Björnsdóttir til vara.

**Skipulags- og starfsháttanefnd:** Guðbrandur Einarsson. Gils Einarsson til vara.

**Velferðarnefnd:** Kristín M. Björnsdóttir. Benoný V. Jakobsson til vara.

**Vinumarkaðsnefnd:** Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (formaður nefndar) skipuð af miðstjórn og Gils Einarsson. Bjarni Þór Sigurðsson til vara

**Umhverfisnefnd:** Kristjana Þ. Jónsdóttir. Benoný V. Jakobsson til vara.

**Laganefnd:** Guðbrandur Einarsson. Engir varamenn eru í nefndinni

**Starfs- og fjárhagsnefnd:** Guðbrandur Einarsson. Engir varamenn eru í nefndinni

**Launanefnd:** Guðbrandur Einarsson. Engir varamenn eru í nefndinni

**ASÍ-UNG:** Eva Demireva og Helgi S. Jóhannsson. Fjóla Helgadóttir til vara.

## **Fulltrúar LÍV skipaðir af ASÍ í nefndir, stjórnir og ráð**

### **Mennta- og menningarmálaráðuneytið**

**Fræðslusjóður - stjórn:** Ólafía B. Rafnsdóttir

**Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina:** Sólveig L. Snæbjörnsdóttir og Eiður Stefánsson. Teitur Lárusson og Kristín M. Björnsdóttir til vara

**Starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina:** Benoný V. Jakobsson. Selma Kristjánsdóttir til vara

### **Velferðarráðuneytið**

**Atvinnuleysistryggingasjóður:** Helga Ingólfssdóttir tilnefnd af ASÍ

**Félagsmálaskóli alþýðu:** Kristín M. Björnsdóttir. Ingibjörg Ó. Birgisdóttir til vara

**Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta:** Árni Leósson

**Vinumarkaðsráð Suðurlands:** Gils Einarsson

**Vinumarkaðsráð Suðurnesja:** Guðbrandur Einarsson til vara

**Vinumarkaðsráð Norðurlands:** Jóna Matthíasdóttir til vara

**Vinnueftirlit ríkisins:** Rannveig Sigurðardóttir til vara

**Vinumálastofnun:** Kristín M. Björnsdóttir til vara

## Fulltrúar með samtökum atvinnurekenda og fl.

**Almenna íbúðafélagið:** Bjarni Þór Sigurðsson. Helga Ingólfssdóttir til vara

**Fagrað Hæfniseturs ferðaþjónustunnar:** Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – FA:** Selma Kristjánsdóttir til vara

**Kjararannsóknarnefnd:** Ragnar Þór Ingólfsson

**Reykjavíkurborg – Starfshópur um húsnæðissamvinnufélög:** Bjarni Þór Sigurðsson

**VIRK - starfsendurhæfingarsjóður:** Ragnar Þór Ingólfsson

**Fulltrúaráð VIRK - starfsendurhæfingarsjóðs:** Guðbrandur Einarsson, Gils Einarsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Herdís Magnúsdóttir og Eiður Stefánsson

**Skjól – fulltrúaráð:** Rannveig Sigurðardóttir

**Mímir - símenntun:** Stefán Sveinbjörnsson. Ingibjörg Ósk. Birgisdóttir til vara

**Sögusafn verkalyðshreyfingarinnar:** Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

## KYNNISFERÐ TIL BRUSSEL

Alþýðusambandið stóð fyrir kynnis- og upplýsingaferð um Evrópumál til Brussel í maí 2016. Á vegum LÍV fóru þau Guðbrandur Einarsson, Eiður Stefánsson og Gils Einarsson.

## EINN RÉTTUR EKKERT SVIND - VINNUSTAÐAEFTIRLIT

Samstarfsverkefni aðildarsamtaka ASÍ gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi fór af stað 2016. Lögð verður áhersla á að uppræta brotastarfsemi í atvinnulífinu. Stýrihópur innan ASÍ heldur utan um verkefnið með fulltrúum ASÍ, landssambanda og félaga með beina aðild. Reikna má með að verkefnið verði hluti af kjarnastarfsemi verkalyðshreyfingarinnar og stéttarfélaganna og því mikilvægt að allir komi að því. Undir LÍV fellur aðallega starfsfólk í ferðaþjónustu, verslunum og veitingastöðum. Eftirlitsfulltrúar hafa verið ráðnir víðs vegar um landið. Nokkrir hnökra hafa verið á þessu samstarfi, þá aðallega vegna upplýsingaflæðis á milli verslunarmanna og félaga innan SGS og iðnaðarmanna.



## **ERLENT SAMSTARF SEM LÍV Á BEINA AÐILD AÐ**

Norræna samstarfið á vegum LÍV fer að mestu leyti fram í þremur samböndum NS (Nordisk Samarbejtskomité), NH (Nordisk Handel) og UNI ICTS Nordic. Síðustu ár hefur þátttaka á fundum innan samstarfs UNI aukist. Mikilvægt er að viðhalda samstarfinu þar sem LÍV sækir þekkingu og eykur samstöðu verkalýðsfélaga milli landa. Mikilvægt er að alþjóðleg verkalýðshreyfing sé sterk með mikilli fjölgun alþjóðlegra fyrirtækja sem mörg hver virða ekki lágmarksréttindi starfsmanna sinna.

### **NS - Nordisk Samarbejdskomité**



NS er samstarfsvettvangur landssambanda LÍV, HK Danmörku, HK Noregi, Handels Svíþjóð, og PAM í Finnlandi. Meginmarkmið er að tengja Norðurlöndin saman í kjarabaráttu og kynna hvort fyrir öðru félagslega, pólitíska og efnahagslega stöðu í hverju landi. Jafnframt er farið yfir það sem efst er á baugi í hverju sambandi og samstarfinu innan UNI.

Samstarfið verður 100 ára árið 2018 og verður afmælisársfundur haldinn á Íslandi í lok júní. Samstarfið hefur staðið fyrir námskeiðum og námsstefnum og einnig lagt fjármuni í að styðja við kjarabaráttu í öðrum löndum. Forsendan fyrir aðild að NS er aðild að UNI ásamt því að vera í landsfélagi hvers lands eins og ASÍ og LO. Haldnir eru tveir fundir á ári, vinnufundur stjórnar og ársfundur. Á vinnufundi stjórnar á hvert land 1 fulltrúa en á ársfundi hefur LÍV heimild fyrir tveimur fulltrúum.

Vinnufundur 2016 - Rætt m.a. um að setja fjármuni í hjálparstarf í Nepal, flóttamannastrauminn þá sérstaklega í Danmörku og færslu starfa milli landa.

Ársfundur 2016 - Formenn fluttu skýrslu um starfsemi sína, farið var yfir reikninga samstarfsins og úthlutanir styrkja ræddar. Samstarfið hefur styrkt ýmiss málefni og er horft til flóttamannastraumsins til Evrópu fyrir næsta starfsár. Félagsmönnum í DK hefur fækkað en verið er að reyna að ná til ungs fólks. Í Finnlandi er fylgi ríkisstjórnar á niðurleið en hún hafði reynt að þvinga stéttarfélagin til að gera kjarasamninga með 5% lækkun launa. Stór fyrirtæki hafa horfið og viðskipti við Rússa dregist saman. Útlit fyrir klofning stéttarféлага í stað sameininga. Í Svíþjóð er fjölgun félagsmanna. Handels semur í kr. en ekki % sem hefur gert samstöðu innan LO erfiða. Lögð hefur verið áhersla á gerð kjarasamninga fyrir starfsmenn í netverslun. Í Noregi hefur verið búið til app sem heldur utan um alla kjarasamninga. Fjölgun félagsmanna hefur tekist vel með fjölgun starfsmanna sem hringja í nýja starfsmenn fyrirtækja og eldri sem hafa hætt að greiða félagsgjald.

Vinnufundur 2017 - Farið yfir starfsemi NS fyrir árið 2017, undirbúning ársfundar og 100 ára afmælisþing sambandsins á Íslandi í júní 2018, þar sem LÍV mun sjá um að skipuleggja og halda utan um, fyrir um 25 fulltrúa. Farið var yfir starf á alþjóðavísu og sagt frá áætlun um starfsemi UNI Europa næstu fjögur árin og þátttöku á þingi UNI Global í Liverpool árið 2018.

Ársfundur 2017 - Handels í Svíþjóð vinnur áfram með fjölgun félagsmanna, HK í Danmörku er með málefni flóttafólks ofarlega í umræðunni. Jafnaðarmenn eru að tapa fylgi sem er neikvætt fyrir verkalýðshreyfinguna.

Launþegahreyfingin, vinnuveitendur og ríkið vinna mikið saman. Hjá PAM í Finnlandi er tap jafnaðarmanna mikið á árinu, hagvöxtur hefur aukist eftir margra ára samdrátt, atvinnuleysi er 10% og aukning í ráðningum hlutastarfa. Kjarasamningur gildir í eitt ár og losnar í febrúar en hann var án launahækkana. Margir hafa snúið baki við





verkalýðshreyfingunni. Hjá HK í Noregi er þriggja ára verkefni í gangi til að efla menntun félagsmanna og auka vitund þeirra um þjónustu HK. Frá Íslandi var sagt frá síðustu alþingiskosningum, tapi jafnaðarmanna, miklum hagvexti og lítilli verðbólgu, miklum innflutningi erlends vinnuafls og húsnæðisskorti.

*Formaður: Trine Lise Sundnes, formaður HK Noregi*

*Skattur: DKK 1,0 pr. félagsmann*

*Fundir: Ársfundur og 2 vinnufundir – kostnaður vegna funda greiddur af samstarfinu*

*Fulltrúi: Formaður LÍV*

## **NH - Nordisk Handel**

NH er samstarf landssambandanna LÍV, HK Handel í Danmörku, HK í Noregi, Handels og Unionen í Svíþjóð og PAM í Finnlandi og er eingöngu bundið við verslunargeirann. Markmið NH er að vinna að málefnum sem snúa að verslun og undirbúningi félagslegrar umræðu í Evrópu varðandi verslun og að fylgja eftir áherslum Norðurlandanna innan UNI Commerce Europa. Í tengslum við ársfund NH hefur samstarfið staðið fyrir fundi með atvinnurekendum og er fulltrúa frá SA boðið. NH hefur jafnframt staðið fyrir fundum fyrir starfsmenn og forystu sambandanna um ákveðin málefni tengdum verslun. Haldnir eru tveir fundir á ári, vinnufundur stjórnar og ársfundur ásamt vinnufundi sem hugsaður er fyrir starfsmenn sambanda. Samböndin innan NH eru ekki öll innan LO eins og samböndin í NK.

Vinnufundur 2016 - Starfandi er vinnuhópur innan NH um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og hefur samstarfið lagt fjármagn í verkefnið. Umræður voru um kjaramál, norrænan launasamanburð og fjölgun félagsmanna.

Ársfundur 2016 - Rætt um mikilvægi þess að Norðurlöndin stæðu saman varðandi ýmiss mál sem væri verið að ræða í Evrópu s.s. félags réttindi og nauðsyn þess að félagasamtök í Evrópu skerpi sig á því sviði. Umræður voru um Evrópska fyrirtækjaráðið EWC en tilgangur þess er að skapa vettvang fyrir launþegasamtök og vinnuveitendur til umræðna yfir landamæri. Í Svíþjóð eru það t.d. IKEA og HM. Farið var yfir hvað væri að gerast á vettvangi UNI. Nýr starfsmaður verður ráðinn hjá UNI sem kemur frá Norðurlöndum. Reiknað er með að ráða hann í 50% starf fyrir NH og 50% starf fyrir UNI Commerce í Brussel til að viðhalda tengingu milli NH og UNI Commerce.

Vinnufundur 2017 - Farið yfir starfsemina fyrir árið 2017 og fyrirhugaða ráðningu starfsmanns, undirbúning ársfundar og vinnufund starfsmanna stéttarféлага

Ársfundur 2017 - Hvert land fer yfir skýrslu um starfsemi sína. Ræddar tæknibreytingar sem eru að eiga sér stað í verslun. Á Íslandi hafa áhrif stórra verslunarkeðja og netverslunar erlendis verið mikil. Í Finnlandi þurfa fyrirtæki að tileinka sér nýja tækni til að lifa af. Í Danmörku er notkun farsíma að færast inn í verslanir, viðskiptavinurinn afgreiðir sig sjálfur með appi, sem mun fækka starfsmönnum á kassa en væntanlega fjölga öðrum starfsmönnum. Í Svíþjóð hefur verið stofnað Handelsráð (ráð atvinnurekenda og launþegasamtaka) sem vinnur að því að skilgreina störf innan verslunar og útbúa námsgögn fyrir menntun sem hæfir hverju starfi. Ráðið tekur einnig þátt í alþjóðastarfi sem tengist verslun og umfjöllun um netverslun og áhrif hennar. Netverslun í Svíþjóð er 9% en áætlað er að hún vaxi yfir 20% næsta áratug. Ráðinn verður sérstakur starfsmaður fyrir NH á næsta ári.

Málefnafundur 2017 - rafræn verslun

Vinnufundur starfsmanna stéttarféлага þar sem rædd var vaxandi rafræn verslun.

Fulltrúar LÍV voru Eiður Stefánsson, FVSA og Kristín M. Björnsdóttir, VR Austurlandi.

*Formaður: Susanna Gideonsson, formaður Handels í Svíþjóð*

*Skattur: DKK 3,00 fyrir um 40% félagsmanna LÍV*

*Fundir: Ársfundur og vinnufundur – kostnaður vegna funda greiddur af samstarfinu*

*Fulltrúar: Formaður LÍV og starfsmenn stéttarféлага sækja sérstaka málefnafundir*



## UNI Global Union

UNI er málsvari um 20 milljóna félagsmanna í þjónustugreinum (fjármál, ferðaþjónusta, verslun, upplýsinga- og samskiptatækni, tækni- og þjónustustarfsemi, flutningar og fl.) í um 900 landssamböndum og landsfélögum í 140 löndum. Á þingi FIET, alþjóða-samband verslunarmanna, árið 1999 var samþykkt að sameinast þremur öðrum alþjóðasamböndum og mynda nýtt alþjóðasamband - UNI. FIET, sem var stofnað 1904, var langstærst þessara sambanda og hafði þá 10 milljónir félagsmanna innan sinna vébanda.

Ásamt LÍV eiga Rafiðnaðarsambandið og Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja aðild að UNI. Stefna sambandsins er að tryggja réttlæti og jafnrétti fyrir félagsmenn. UNI hefur samþykkt yfir 50 alþjóðlega samninga við fjölbjóðleg fyrirtæki og hafa sett staðla og skilyrði fyrir um 10 milljón starfsmenn þeirra. UNI á sæti í Global Compact innan Sameinuðu þjóðanna, G20 og World Economic forum. Aðeins landssamtök geta fengið aðild að samtökunum og eru höfuðstöðvar þeirra í Nyon ásamt skrifstofu í Brussel

Heimsping 2014 (Cape Town) - Rætt um mikilvægi þess að halda áfram uppbyggingu stéttarfélaganna og möguleikum frjálsra einstaklinga til að gera kjarasamninga. Áhersla var lögð á mikilvægi fjölgunar félagsmanna en ástandið er slæmt í mörgum löndum og réttindi brotin hjá mörgum stórfyrirtækjum. Farið var yfir harmleikinn í Bangladesh þegar fataverksmiðja hrundi og 1.000 starfsmenn létust. UNI kom að stofnun sjóðs til styrktar þeim sem misstu fyrirvinnuna. Samtökin leiddu vinnu til að fá fyrirtæki til að bæta aðstæður svo og stofna stéttarfélög. Kjör fólks í þróaðri löndum eins og Bretlandi og Bandaríkjunum fara versnandi og launamunur kynjanna er vandamál víða. Fátækt er mikil í Afríku og fólki gert að lifa allt niður í \$1,5 á dag en aðeins 10% starfsmanna eru í stéttarfélögum. Umræður voru um vinnumarkað framtíðarinnar og að launþegahreyfingin verði að undirbúa sig undir tæknivæðingu, að leggja þurfi áherslu á styttingu vinnuviku og nauðsyn þess að mennta fólk vegna nýrra starfa. Hlúa þarf að ungu fólki en allt að 40% atvinnuleysi er á meðal þeirra í mörgum löndum.

UNI heimsráðstefna kvenna - Tveggja daga ráðstefna um málefni kvenna á vinnumarkaðinum. Haldin í tengslum við heimsráðstefnu UNI.

*Forseti: Ann Selin formaður PAM í Finnlandi*  
*Framkvæmdastjóri: Philip Jennings*  
*Heimsping haldið á 4 ára fresti*  
*Fulltrúar: formaður LÍV og einn aðili frá VR*

## UNI Europa

UNI Evrópa er bakbeinið í UNI Global og mikilvægt í stuðningi við systursamtök í öðrum heimsálfum.

Norðurlönd eiga 7 sæti í stjórn en LÍV afþakkaði tilnefningu vegna kostnaðar.

Evrópuþing 2016 (Róm) - Changing Europe together - Rætt um flóttamannavandann og áhyggjur af stöðu mála í Evrópu. Tryggja þarf að hreyfingin hafi áhrif á þær breytingar sem eru að eiga sér stað. Alþjóðafyrirtæki hafa útvistað um 100 þúsund störfum til svæða sem greiða lægri laun og gerð kjarasamninga fer fækkandi í Evrópu. „Changing Europe by growing bargaining power“ – fjallar um alþjóðlega kjarasamninga. Herferðir eru víða til fjölgunar félagsmanna og einnig fyrir hárgreiðslufólk vegna slæmra vinnuaðstæðna og skaðleg áhrif á heilsu þeirra.



Ályktanir samþykktar varðandi stöðu á vinnumarkaði, aðstæðum vinnandi fólks, félagslegum undirboðum, launakjörum, réttinum til að gera kjarasamninga, alþjóðavæðingunni og að taka þurfi á fjölgun hlutastarfa.

*Formaður: Frank Bsirske*  
*Þing: 4 ára fresti*  
*Fulltrúi: Formaður LÍV*

## **UNI Commerce Global**


Fjöldi félagsmanna er um 4 milljónir í smásölu og heildsölu í 35 löndum með um 60 stéttarfélög. Vinnur að því að bæta lífskjör í smásölu og heildsölu með því að skapa tengslanet og styrkja stéttarfélögin og aðstoða við gerð rammisamninga við alþjóðleg fyrirtæki.

Heimsping 2017 (Berlín) - Fjöldi fulltrúa var 220 frá 39 löndum, 56 sambönd og stéttarfélög.

Fjallað um stöðu stéttarfélaganna á heimsvísu og viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar við tæknibreytingum í verslunum. Umræður voru um alþjóðlega rammisamninga, störf sem tapast vegna tæknivæðingar, fjölgun endurmenntunarúræða vegna nýrra starfa, mikilvægi þess að tryggja lagalega umgjörð netverslunar og vernda þá sem vinna heima. Ljóst að netverslun mun vaxa á næstu árum og að stéttarfélögin þurfa að aðlagast sig að nýrri tækni í þjónustu við félagsmenn.



Kynnt var rannsókn um netverslun þar sem kom fram að Amazon væri langstærsta fyrirtækið á þessu sviði með 230.000 starfsmenn en voru 17.000 árið 2007.



Jafnframt var kynnt tilraunaverkefnið Amazon Go - sjálfsafgreiðsluverzlun Amazon. Mikilvægt er að fá Amazon að samningaborðinu til að virða rétt starfsmanna. Pallborð var haldið með yngri fulltrúum - lögð áhersla á að nemar í starfsþjálfun fái sómasamleg laun. Sagt frá því að stéttarfélög í Japan væru stofnuð í samstarfi við UNI ef þau væru ekki til en í Kólumbíu þeir fólki ekki að ganga í stéttarfélög þar sem verkalýðsforingjar hafa verið drepnir. Á þinginu var samþykkt aðgerðaráætlun vegna verkefnisins Accord sem felur í sér að bæta vinnuaðstæður í Bangladesh. Farið var yfir BOA verkefnið (Baltic organising academy)

*Formaður: Stuart Appelbaum*  
*Þing: 4 ára fresti*  
*Fulltrúi: Formaður LÍV*

## **UNI Commerce Youth Camp 2016**

Ungliðabúðir fyrir unga félagsmenn innan stéttarfélaganna um allan heim. Tilgangur að fá sýn þeirra á stéttarfélögum og því sem betur mætti fara. Liður í undirbúningi fyrir heimsping UNI Commerce sem haldið var árið 2017. Fulltrúi LÍV var Eva Indriðadóttir, VR.

## UNI Commerce Europa



Þing 2015 (Gdansk) - Farið var yfir mikilvægi UNI Commerce en verslun er stærsta atvinnugreinin innan UNI. Um 19 milljónir eru starfandi í verslun í Evrópu og 26% þeirra í hlutastafi. Sveigjanlegur og óreglulegur vinnutími hefur aukist sem jafnframt eykur fjarveru frá vinnu og andlega erfiðleika vegna álags. Lögð var áhersla á mikilvægi stéttarfélaganna í harðnandi heimi stórra fyrirtækja sem svífast einskis til að hámarka gróða. UNI hefur sett í gang söfnun til uppbyggingar í Nepal vegna jarðskjálftanna. Lech Walesa ávarpaði þingið og fullyrti að engar framfarir yrðu án stéttarféлага. Forseti UNI America lýsti ástandinu í Bandaríkjunum en þar hefur félagsmönnum fækkað en ástandið væri einna verst í verslun.

Forseti: John Hannet  
Þing: 4 ára fresti  
Fulltrúi: Formaður LÍV

## UNI ICTS Global



Um 3 milljónir félagsmanna upplýsinga-, samskipta-, tækni og þjónustugreinum. UNI ICTS hefur gert rammSAMninga við nokkra af stærstu vinnuveitendum í heimi. Auk LÍV eiga Samtök starfsmanna í fjármálaframtækjum, Félag bókagerðarmanna, Póstmannafélag Íslands og Félag ísl. símamanna í gegnum Rafiðnaðarsambandið aðild að UNI ICTS.

Heimsráðstefna 2015 (Stokkhólmur) - Fjöldi fulltrúa 192 frá 50 löndum. Fram kom að hækkun lægstu launa stuðli að auknum efanhagslegum vexti svo og að launajöfnuður haldist í hendur við þátttöku í stéttarfélögum. Áhyggjur af störfum sem eru færð til landa sem hefðu lægri launa- og framleiðslukostnað. Bent var á að alþjóðlegir kjarasamningar væru mikilvægir til að koma í veg fyrir félagsleg undirboð.

Fyrirlestrar voru um sænskan vinnumarkað, harmleikinn í Nepal, hugmyndir 5G símakerfis og slæmar aðstæður starfsmanna í útringistöðvum (Contact center).

Verkefni UNI ICTS 2015 - 2019 verða m.a. að styrkja stéttarfélög, búa til viðmið um lágmarksréttindi í samskiptamiðstöðvum og auka virkni einstaklinga í starfi stéttarféлага, sérstaklega kvenna og ungmenna.

Formaður: Andy Kerr  
Þing: 4 ára fresti

## UNI ICTS Europa

Þing haldið 2017 (Zagreb) - Fjöldi fulltrúa var 207 frá 29 löndum, 53 sambönd og stéttarfélög. Umræður voru m.a. um tæknibreytingar sem eiga sér stað í heiminum og hvernig eigi að bregðast við þeim, nauðsyn þess að styrkja stéttarfélögin og að þau vinni saman á alþjóðavettvangi til að tryggja velferð allra.

Þema:Þingsins voru: a) Félagsleg úrlausnarefni og samkeppnishæfni b) Fjölgun félagsmanna í tæknigreinum c) Gervigreind og vélmennavæðing d) Útvistun verkefna.

Formaður: Peter Hellberg frá Unionen í Svíþjóð  
Þing: 4 ára fresti  
Fulltrúi: Formaður LÍV

## UNI ICTS Norden

Samstarf landssambanda á Norðurlöndum. Tilgangur þess er að miðla upplýsingum og koma á viðræðum milli stéttarfélaganna og landa og fylgja eftir sameiginlegum áherslum innan UNI og UNI ICTS Europa

Stjórnarfundur 2016 - Farið var yfir ársreikning og áætlun fyrir árið 2017. Rætt um framtíð og stöðu Norðurlandanna innan UNI og mikilvægi þess að vera sýnilegri, velferðarmál fyrir starfsmenn á fjarskipta- og símamarkaði og farið var yfir skýrslu um vinnumarkað framtíðarinnar og hvernig stéttarfélög geti beitt sér á þeim markaði. Fulltrúar fóru yfir stöðuna í samböndum. Stærsta stéttarfélagið í Noregi er að pressa á 6 tíma vinnudag og vandamál hlutastarfsmanna er að aukast. Vinna hefur verið í gangi vegna útvistunar starfa en gengur illa því höfðustöðvar margra fyrirtækja eru utan Evrópu. Farið yfir TISA verkefnið „Trade in Services Agreement“ og mikilvægi þess að tryggja rétt vinnandi fólks. Vinnufundur 2017 - Lögð var áhersla á mikilvægi þess að Norðurlöndin verði með sterkari rödd og taki meira frumkvæði á Evrópuvettvangi. Svokölluð silfurleið hefur verið rædd með ráðningu starfsmanns sem staðsettur væri á Norðurlöndum.



*Fundir:* Ársfundur, stjórnar- og vinnufundur  
*Fulltrúi:* Formaður LÍV

Skattar til UNI: CHF 2,55, EUR 0,48 pr. félagsmann til UNI Global, DKK 0,5 fyrir 60% félagsmanna til UNI ICTS. UNI greiðir ekki kostnað vegna funda.

## Landssambönd á Norðurlöndum – systursambönd



### HK i Danmarku

Landssamband verslunar- og skrifstofufólks á almennum og opinberum vinnumarkaði með um 310.000 félagsmenn í 7 deildum. Sambandinu er skipt upp eftir starfsgreinum í Handel, Privat, Kommunal og Stat.

Þing 2016. Rætt var um flóttamannastrauminn og stuðning ríkis við vinnuveitendur sem taka á móti þeim í vinnu og framtíðarbreytingar í verslun og mikilvægi þess að mennta starfsmenn til nýrra starfa innan verslunarinnar sem er að verða tæknilegri. Reiknað er með því að mörg störf hverfi en verslun er að færast meira í netviðskipti.

*Formaður:* Kim Simonsen  
*Formaður Handel:* Per Tønnesen  
*Þing:* 4 ára fresti  
*Fulltrúi á þingi:* Formaður LÍV



Frá þingi HK Handel 2016



### **Handels í Svíþjóð**

Landssamband verslunarfólks í Svíþjóð með um 160.000 félagsmenn í 19. deildum.  
Þing haldið 2016.

*Formaður: Susanna Gideonsson*

*Þing: 4 ára fresti*

*Fulltrúi á þingi: Formaður LÍV*



### **HK í Noregi**

Landssamband verslunarfólks í Noregi með um 70.000 félagsmenn í 9 deildum  
Þing haldið 2016.

*Formaður: Trine Lise Sundnes*

*Þing: 4 ára fresti*

*Fulltrúi á þingi: Formaður LÍV*



Palveluajen  
ammattiliitto  
Servicefocket

### **PAM í Finnlandi**

Landssamband verslunarfólks í Finnlandi með um 230.000 í 159 deildum.  
Þing haldið 2016.

*Formaður: Ann Selin*

*Þing: 4 ára fresti*

## **Önnur sambönd sem tengjast í gegnum UNI ICTS**



### **Unionen**

Landssamband skrifstofustarfsmanna í verslun, flutningum og þjónustu í Svíþjóð. Starfa bæði innan almenna og opinbera geirans með um 640.000 félagsmenn. Unionen er ekki í LO.

*Formaður: Martin Linder*



### **Jusek**

Samband lögfræðinga, viðskiptafræðinga og annarra sérfræðinga í Svíþjóð með um 12.000 félagsmenn.

*Formaður: Sofia Larse.*

# **Skýrslur aðildarfélaga**



### Þróun félagsmannafjölda VR

2016	32.813
2015	31.203
2014	30.373
2013	29.781

### Rekstur félagsins og húsnæði

Skrifstofur VR eru í Reykjavík, Vestmannaeyjum, á Akranesi, Selfossi og Egilsstöðum. Starfsemin skiptist í fjögur svið sem eru kjaramálasvið, fjármála- og rekstrarsvið, þjónustu- og mannauðssvið og þróunarsvið. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins.

Ragnar Þór Ingólfsson var kjörinn formaður VR í kosningum félagsins í mars 2017.

Verslunarmannafélag Suðurlands (VMS) sameinaðist VR eftir aðalfund félagsins í mars 2017.

Félagsmenn VMS samþykktu sameininguna í atkvæðagreiðslu í janúar sama ár. Á skrifstofu VR á Suðurlandi vinna þrír starfsmenn.

Í byrjun mars 2017 voru 56 starfandi hjá VR í rúmlega 51 stöðugildi. Á árinu 2016 störfuðu tveir sumarstarfsmenn á skrifstofum félagsins.

### Félagsstarf og fundir

Fjöldi funda

12	fundir í stjórn
2	fundir í trúnaðarráði
2	félagsfundir

### Sjúkrasjóður

Árið 2016 greiddi VR 1.083 félagsmönnum 1.022.008.714 kr. í bætur og styrki úr sjúkrasjóði en árið 2015 voru þeir 1.098 að upphæð 971.820.778 kr. Að auki voru styrkir til stofnana og félagasamtaka, fræðslu- og fagfélaga 2016 11.627.399 kr. en 2015 voru greiðslurnar 13.278.611 kr.

Dánarbætur voru 39.221.983 kr. greiddar til 101 félagsmanns árið 2016 en 39.896.330 kr til 100 félagsmanna árið 2015.

Sjúkra- og dagpeningar voru 946.086.172 kr. greiddar til 918 félagsmanna árið 2016 en árið 2015 voru 894.568.820 kr. greiddar til 895 félagsmanna.

Örorkubætur voru 23.888.563 kr. greiddar til 15 félagsmanna árið 2016 en árið 2015 voru 23.048.413 kr. greiddar til 24 félagsmanna.

Aðrir styrkir til sjóðsfélaga voru 12.811.996 kr til 78 félagsmanna árið 2016 en árið 2015 voru greiddar 14.308.215 kr. til 91 félagsmanns.

VR er í samstarfi við Virk starfsendurhæfingu og voru 290 nýskráðir í þjónustu VIRK hjá VR árið 2016 en 331 árið 2015.

### Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Á árinu 2016 voru 46 orlofshús og íbúðir í eigu VR. Félagið tók 27 orlofshús og 1 hótélherbergi á leigu sama ár.

Nýting orlofshúsa VR í gistinóttum var árið 2016 12.280 nætur (eða 3.769 útleigur), en árið 2015 voru þær 12.508 nætur (eða 3.715 útleigur).

VR bauð félagsmönnum afslátt í flug með Icelandair og WOW air í formi afsláttarmiða. Alls voru seldir um 6.362 miðar á árinu 2016 sem er 19% aukning frá árinu áður. Þá voru seldir afsláttarmiðar í pakkaferðir með Úrvali Útsýn og Sumarferðum á árinu 2016, alls 57 miðar.

Einnig keyptu 975 félagsmenn veiði- og útilegukort árið 2016 á niðurgreiðdu verði.

Á árinu 2016 hófst sala á flugmiðum innanlands til fjögurra áfangastaða með flugfélaginu Erinum, alls voru seldir 402 flugmiðar.



### **Atvinnumál svæðisins**

Þegar tímabundnu samstarfsverkefni á vinnumarkaði um þjónustu við atvinnuleitendur, undir heitinu STARF-vinnumiðlun og ráðgjöf, lauk árið 2015 ákvað VR að halda áfram þjónustu við atvinnuleitendur í félaginu. Í dag er einn atvinnuráðgjafi starfandi hjá félaginu og er lögð áhersla á að veita hvatningu, stuðning og ráðgjöf við atvinnuleitina svo sem við gerð ferilskráar og undirbúning fyrir viðtöl. Auk þess leiðbeinir ráðgjafinn atvinnuleitendum um allt sem varðar atvinnuleysisbótakerfið. Nú er einnig lögð áhersla á samstarf við starfsendurhæfingarráðgjafa félagsins og sérfræðinga á kjaramálasviði.

### **Samskipti við atvinnurekendur**

Málafjöldi hjá kjaramálaráðgjöfum VR á árinu 2016 voru 1.608 samanborið við 1.547 mál árið 2015. Aukning milli ára er því um 4%. Ef talin eru með veitt atvinnuleyfi fyrir erlenda starfsmenn á árinu 2016 er málafjöldinn alls 1.730 en atvinnuleyfi voru fyrst talin með í málafjölda sviðsins á síðasta ári. Mikil aukning hefur verið í veitingu atvinnuleyfa fyrir erlenda starfsmenn.

Um áramótin 2016-2017 var VR með 138 mál í vinnslu, þar af voru 73 hjá lögmanni félagsins. Af þessum 138 málum voru 95 vegna ársins 2016, 31 vegna ársins 2015, 10 frá 2014 og síðan tvö eldri mál.

Á árinu 2016 var bætt verulega í átak Alþýðusambands Íslands **Einn réttur – ekkert svindl!** sem beint er gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi. Ráðinn var starfsmaður vegna þessa átaks og hefur það skilað sér í auknu eftirliti á höfuðborgarsvæðinu. Auk stéttarfélaga koma að verkefninu aðilar frá Ríkisskattstjóra, Vinnumálastofnun o.fl.

### **Fræðslumál**

VR bauð uppá 14 fyrirlestra og námskeið fyrir félagsmenn á starfsárinu og sóttu þau rúmlega 626 félagsmenn á árinu 2016. Þá voru haldin 8 námskeið sérstaklega fyrir trúnaðarmenn félagsins og sóttu þau 286. Undanfarin ár hefur VR einnig staðið fyrir kynningum á réttindum og skyldum fyrir nemendur grunn- og framhaldsskóla á félagasvæði VR. Alls voru haldnar 58 kynningar fyrir 2.654 nemendur á starfsárinu 2016 – 2017.

Í byrjun mars 2017 höfðu alls 3.468 nemendur útskrifast úr VR-Skóla lífsins frá því hann var stofnaður í september 2014. Á starfsári stjórnar 2016- 2017 útskrifaðist 1.271 nemandi. Markmið VR-Skóla lífsins er að undirbúa ungt fólk á aldrinum 16-24 ára fyrir vinnumarkaðinn og kynna því réttindi og skyldur í starfi. Menntastofnanir hafa tekið mjög vel í VR-Skóla lífsins og í lok febrúar 2017 höfðu 16 framhaldsskólar ýmist kennt námskeiðið í lífsleikni eða sambærilegum áföngum eða fyrirhuga kennslu. 14 fyrirtæki með 31 starfsstöð hafa að auki boðið ungu starfsfólki sínu í VR-Skóla lífsins frá stofnun hans.

Umsóknir um starfsmenntastyrki frá félagsmönnum voru 7.553 árið 2016 sem er fækkun frá árinu áður þegar þær voru 8.279. Á árinu 2016 voru greiddar rúmlega 374 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna VR úr starfsmenntasjóðum samanborið við tæplega 365 milljónir króna árið áður. Aukning milli ára er um 2,6%. Alls fengu 6.311 félagsmenn styrki á árinu 2016 en árið 2015 voru þeir 6.612.

### **Annað**

Á aðalfundi þann 29. mars 2016 var samþykkt tillaga um 550 milljóna króna framlag í VR varasjóð fyrir árið 2015 auk viðbótarframlags að upphæð rúmlega átta milljónir króna vegna ársins 2014. Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2016 námu alls 492.976.529 kr. og fengu 14.248 einstaklingar greitt úr sjóðnum. Langstærstur hluti fór til forvarna eða rúmlega 209 milljónir króna. Árið 2015 námu greiðslur alls 526.807.849 kr. og fengu 14.750 einstaklingar greitt úr sjóðnum það ár.



## Þróun félagsmannafjölda AFLs

Ár	Greiðandi			Gjaldfrjálsir			Heildar fjöldi
	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Samtals
2015	68	150	218	7	25	32	250
2016	79	148	227	9	27	36	263
2017	84	200	284	9	27	36	320

## Rekstur félagsins og húsnæði

Rekstur félagsins er í jafnvægi og traustur. Félagið rekur 7 þjónustuskrifstofur á svæðinu frá Höfn í Hornafirði og norður til Bakkafjarðar. Hjá félaginu starfa 16 í liðlega 12 stöðugildum þar af 2 Virk ráðgjafar.

## Félagsstarf og fundir

Verslunarmannadeildin er ein af fjórum deildum félagsins og er bæði hluti af félagsstarfi félagsstarfi heildarfélagsins og sérmálum deildarinnar. Haldin eru trúnaðarmannanámsskeið tvisvar á ári, annars vegar á vorin og hins vegar á haustin. Jafnframt ýmsir viðburðir. Stjórn deildarinnar fundar eftir þörfum aðalstjórn félagsins ca 10 sinnum á ári. Deildin útvíkkaði nafn sitt á aðalfundi deildarinnar í vor og heitir nú verslunar- og skrifstofudeild.

## Sjúkrasjóður

Félagið hefur á að skipa öflugum sjúkrasjóði sem auk sjúkradagpeninga og dánarbóta greiðir ýmsa styrki. Fyrirferðamestir eru ferðir félagsmanna til lækninga út fyrir svæðið auk sjúkrabjálfunarstyrkja og heilsueflingarstyrkja. Heildargreiðslur í sjúkradagpeninga hækka jafnt og þétt auk þess sem fjölgun er á þeim sem þeirra njóta. Einnig er fjölgun á styrkjum úr sjúkrasjóði félagsins

## Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Félagið hefur yfir að ráða öflugum orlofssjóði sem hefur einbeitt sér að útleigu orlofshúsa og orlofsíbúða. Stöðug ásókn er í íbúðir félagsins á Akureyri og í Reykjavík, bæði sem orlofsnotkun og ekki síður sem sjúkranotkun, en sjúkrasjóður á hlut í nokkrum íbúðum. Félagið hefur fjölgað íbúðum á tímabilinu.

Orlofssjóðurinn býður jafnframt upp á aðra orlofskosti s.s ódýrari gistingu á hótél, útilegu- og veiðikort og fleira.

## Fræðslumál

Félagið er í nánú samstarfi við Austurbrú og Fræðslunet Suðurlands um ýmis fræðsluverkefni.

## Atvinnumál svæðisins

Atvinnuástand er gott á félagssvæðinu

## Samskipti við atvinnurekendur

Samskipti við atvinnurekendur eru í ákveðnum farvegi. Félagið stendur auk þess fyrir vinnustaðaeftirliti

## Annað

AFL Starfsgreinafélag fagnar 10 ára afmæli í ár en félagið er deildaskipt og eru deildir þess: Almenn starfsgreinaeild, lónaðarmannadeild, Sjómannadeild og Verslunar- og skrifstofudeild.



## FÉLAG VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNIS

### **Þróun félagsmannafjölda FVSA**

Fjölgað hefur í félaginu á undandanförnum tveimur árum um tæp 20%. Fullgildir félagsmenn voru um síðustu áramót 2600 þar af 343 lífeyrisþegar. Konur eru rúmlega 62% félagsmanna.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Rekstur félagsins hefur gengið vel undanfarin ár, iðgjaldatekjur hækkuðu um 15,77% milli síðustu ára og voru um 180 milljónir á síðasta ári, auk annarra tekna upp á 14 milljónir. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam rekstrarafgangur félagsins kr. 43,5 mkr. og eigið fé í árslok nam kr. 590,3 mkr. Félagið er með fjóra starfsmenn í 3,6 stöðugildum. Á Siglufirði reka nokkur stéttarfélag sameiginlega skrifstofu, hlutur FVSA í rekstrinum er 11%

### **Félagsstarf og fundir**

Fimm manna félagsstjórn ásamt þremur varamönnum fundar reglulega. Trúnaðarráð skipað 21 féлага, fundar 2-3 sinnum á ári. Almennir félagsfundir 1-2 á ári, auk þess vinnustaðafundir og fundir með einstökum starfsgreinum. Árlega er haldinn starfsdagur allra kjörinna fulltrúa félagsins og starfsmanna. Á þeim fundi kjósa félagslegir trúnaðarmenn FVSA 8 úr sínum röðum í Trúnaðarráð félagsins. Fundurinn er með blönduðu efni ætlaður bæði til gagns og gamans.

Skemmtiferð á vegum félagsins er farin árlega. Einnig er farið árlega í leikhúsfarð til nágrennabyggðalaga, lífeyrisþegum er boðið, trúnaðarmönnum á vinnustöðum og kjörnum fulltrúum félagsins. Félagið gefur út fréttablað og heldur úti heimasíðu.

### **Sjúkrasjóður**

Umsvif sjúkrasjóðs fara vaxandi með ári hverju. Sjúkradagpeningar sem hlutfall af greiðslum til félagsmanna hefur farið vaxandi undanfarin ár, en nær öll innkoma í sjóðinn er endurgreidd til félagsmanna í formi ýmissa fyrirbyggjandi aðgerða og styrkja auk dagpeninga.

Árlegur styrkur til Mæðrastyrksnefndar Eyjafjarðarsvæðisins auk styrkja til ýmissa samfélagsverkefna og stofnana eru greiddir úr félagssjóði. Árvisst er að stéttarfélagin í Alþýðuhúsinu sameinist um stærri framlög í þessu sambandi.

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Félagið festi kaup á fimmtu íbúðinni við Mánatún í Reykjavík í árslok 2015, fjórar eru í almennri leigu til félagsmanna og ein er nýtt fyrir fólk sem þarf að leita sér lækninga í borginni. Nýting íbúðanna er mjög góð. Á Illugastöðum á félagið 3 orlofshús, þau eru einnig í helgarleigu yfir vetrarmánuðina. Þá á félagið stórt og glæsilegt frístundahús í Vaglaskógi. Auk þess tekur félagið nokkur orlofshús á leigu yfir sumarmánuðina. Orlofsstyrkjum og útilegukortum er úthlutað. Gisting á Edduhótelum, Fosshótelum og inneignarbréf í flug er niðurgreitt til félagsmanna. Veiðikortið og miðar í Hvalfjarðargöng eru til sölu á hagstæðum kjörum á skrifstofunni.

### **Atvinnumál svæðisins**

Lítið atvinnuleysi er á meðal félagsmanna. Að meðaltali greiddu 47 félagsgjöld af atvinnuleysisbótum til félagsins, flestir 57 í mars en fæstir í október 32.

### **Samskipti við atvinnurekendur**

Samskipti við atvinnurekendur hafa verið í góðu lagi í langflestum tilfellum.

## Fræðslumál

Félagið er í samstarfi við önnur stéttarfélög á svæðinu með trúnaðarmannafræðslu og ýmis önnur námskeið. Á árinu 2016 voru 16,9 milljónir greiddar í styrki til 401 félagsmanns úr starfsmenntasjóðum verslunarmanna og er það svipað á milli ára.

## Annað

Stéttarfélögin við Eyjafjörð standa sameiginlega að hátíðahöldum 1. maí og skiptast á að vera í forsvari fyrir 1. maí nefndinni. Félagið er aðili að Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Símei, Virkstarfsendurhæfingu við Eyjafjörð, Ráðgjafatorgi Akureyrarbæjar og Fjölsmiðjunni á Akureyri.



## Þróun félagsmannafjölda og atvinnulausra hjá Vlf. Vestfirðinga

Félagsmenn verslunardeildar Verk Vest fækka árið 2015 en fjölga aftur 2016. Félagsmenn (meðalfjöldi) verslunardeildar árið 2015 voru 282 þar af voru karlar 88 og konur 194. Árið 2016 var meðalfjöldi félagsmanna verslunardeildar 295 þar af voru karlar 101 og konur 194. Heildar(meðal)fjöldi félagsmanna í öllum deildum félagsins árið 2015 var 1689 en 2158 árið 2016 sem 21% aukning heildarfélagsmanna milli ára.

## Rekstur félagsins og húsnæði

Félagið er með tvær skrifstofur. Aðalskrifstofa er í Hafnarstræti 9 á Ísafirði þar sem opið er alla virka daga frá kl.08.00 - 16.00. Fjöldi starfsmanna á Ísafirði eru 6 og vistar skrifstofa félagsins einnig ráðgjafa VIRK á Vestfjörðum. Félagið er einnig með útibú í Aðalstræti 5 á Patreksfirði þar er opið alla daga frá kl.10.00 - 16.00. Einn starfsmaður er hjá félaginu á Patreksfirði. Heildariðgjöld og fjármagnstekjur voru 227,3 mkr. árið 2016 og rekstrargjöld voru 220,8 mkr. árið 2016. Aukning rekstrargjalda skýrist að stæstu leyti vegna samruna ASV inn í Verk Vest.

## Félagsstarf og fundir

Vegna kjaraviðræðna sjómanna 2016-2017 og erfiðs 10 vikna verkfalls var fundað oft og venjulega, sérstaklega hjá trúnaðarráði félagsins. Einnig hafa verið haldnir mun fleiri félagsfundir af sömu ástæðu. Að öðru leyti fundar félagsstjórn fyrsta þriðjudag hvers mánaðar.

## Starfsemi sjúkrasjóðs

Stjórn sjúkrasjóðs fundar í 3ju viku hvers mánaðar. Mikil fjölgun styrkumsókna hefur verið allt frá árinu 2010, vega umsóknir um dagpeninga þyngst sem hafa farið úr 21,5 mkr. árið 2010 í 37,1 mkr. vegna ársins 2016. Einnig eru félagsmenn duglegir að nýta iðgjaldartengda styrki og hafa greiðslur aukist úr 2,7 mkr. í 5,9 mkr. fyrir sama tímabil. Vert er að benda á að árið 2016 voru gjöld umfram tekjur 2,8 mkr. Sem er mikill viðsnúningur frá fyrra tímabili. Að öðru leiti er rekstur sjóðsins með nokkuð hefðbundnu sniði.

## Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Félagið á og rekur 5 orlofsíbúðir í Reykjavík, eina íbúð á Akureyri og einbýlishús með veislusal á Suðureyri. Einnig er félagið þátttakandi í orlofsbyggðunum á Einarstöðum, Flókalundi, Illugastöðum, Svignaskarði og Ölfusborgum með alls 10 sumarhúsa. Þá á félagið íbúð í samstarfi við þrjú önnur stéttarfélög í Los Arenales á Spáni.

Íbúðir eru mjög vel nýttar allt árið einnig sumarhús í Svignaskarði. Aðrir staðir eru með lakari nýtingu. Rekstur sjóðsins er með nokkuð hefðbundnu sniði. Iðgjöld og leigutekjur árið 2016 voru 40,6 mkr. og rekstrargjöld 49,2 mkr. Rétt er að benda á að stjórn félagsins tók þá meðvituðu ákvörðun á árinu 2009 að halda aftur af hækkun á útleigu til félagsmanna. Þrátt fyrir að breytingar hafi verið gerðar á rekstri m.a. með hækkun á leigu duga þær breytingar ekki til að standa undir niðurgreiddri orlofsdvöl félagsmanna.

### **Atvinnumál á félagssvæðinu**

Smærri verslunar og þjónustufyrirtæki eiga undir högg að sækja, ekki er um merkjanlega fjölgun starfa hjá verslun eða í skrifstofustörfum. Töluvert er um að þeir sem vinna á starfssvæði verslunardeildar félagsins greiði iðgjöld til VR. Þróunin í smærri sveitafélögum hefur þróast í þá átt að sveitafélög og ríkisstofnanir eru orðnar stærri hluti af grunnatvinnuvegum ásamt sjávarútvegi sem er ennþá nokkuð öflugur, sérstaklega á norðanverðu félagssvæðinu.

### **Fræðslumál**

Regluleg kjarasamningsbundin námskeið trúnaðarmanna eru haldin hjá félaginu. Kjaramálanámskeið ásamt námskeiðshaldi um starfsemi og hlutverk stéttarféлага fyrir starfsfólk, stjórn og trúnaðarráð eru einnig hluti af árlegri starfsemi félagsins. Þá er félagið þátttakandi í samstarfsnámskeiðum með Fræðslumiðstöð Vestfjarða s.s. Landnemaskólinn o.fl.

### **Útgáfu og kynningarmál**

Félagsblað, heimasíða, Fésbókarsíða ásamt útgáfu kynningarbæklinga um starfsemi félagsins. Kynningar í vinnuskólum á félagssvæðinu en félagið hefur ekki verið með kynningar í grunn- eða framhaldsskólum. Gera má ráð fyrir að jákvæðar breytingar verði skólaárið 2016 – 2017.

### **Annað**

Stjórn Verk Vest telur að LÍV verði að setja á oddinn samstarf við önnur landssambönd ASÍ um rétta skráningu félagsaðildar út frá kjarasamningum og starfsgreinum. Verkfallsátök og kjaraviðræður vetrarins 2013 - 2014 sýndu þörfina með glöggum hætti.



### **Þróun félagsmannafjölda og atvinnulausra hjá VS**

Félagsmönnum VS hefur fjölgað talsvert milli þinga eða um 20% skv. reiknuðum félagsmönnum ASÍ og eru atvinnulausir félagsmenn innan við 20. Greiðandi félagsmenn eru nú í kringum 1.700. Skráð atvinnuleysi á Suðurnesjum er í ágúst 2017 er 2,1%.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Rekstur félagsins er í ágætu jafnvægi og skilar jákvæðri afkomu upp á tæpar 46 milljónir kr. Starfsemi félagsins er í húsnæði í eigu sjúkrasjóðs.

### **Félagsstarf og fundir**

Stjórnarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði nema yfir hásumarið. Einnig eru haldnir sameiginlegir fundir stjórnar og trúnaðarráðs sem hafa verið fleiri en oft áður vegna þeirra kjarasamninga sem gerðir voru á tímabilinu. Þá á félagið einnig fulltrúa í ýmsum stjórnnum utan félagsins s s. MSS, Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum og fl.

### **Starfsemi sjúkrasjóðs**

Tekin var ákvörðun um það fyrir nokkrum árum að 40% af iðgjaldi í sjúkrasjóð væri sérmerkt hverjum félagsmanni en 60% er varið til greiðslu sjúkradagpeninga og dánarbóta. Ásókn í sjúkrasjóð félagsins hefur verið að aukast mikið eða um 30% á árinu 2015 og um 50% á árinu 2016. Þessi fjölgun virðist fyrst og fremst stafa af mikilli fjölgun umsókna um sjúkradagpeninga frá ungum konum.

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Valkostir VS í orlofsmálum eru 6. Íbúð á Akureyri, hús í Svignaskarði, Ölfusborgum, Flúðum og tvö hús í Hraunborgum. Flest húsin eru nýleg og í góðu ásigkomulagi.

### **Atvinnumál á félagssvæðinu**

Staðan í atvinnumálum á Suðurnesjum er mjög góð um þessar mundir og atvinnuleysi meðal félagsmanna VS nánast ekkert. Því er að þakka mikilli fjölgun starfa í FLE (Flugstöð Leifs Eiríkssonar) þar sem nú er skortur á starfsfólki. Mikið af fólki flyst á Suðurnesin þessa dagana

og var fólksfjöldgun í Reykjanesbæ á árinu 2016 7,4% og má reikna með að hún verði meiri á þessu ári.

### Fræðslumál

Frá því að MSS (Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum) var stofnuð árið 1997 hefur menntun og fræðsla sem rekin var af félaginu færst alfarið yfir til miðstöðvarinnar. Formaður VS er varaformaður stjórnar MSS en formaður MSS er fulltrúi sveitarfélagana á svæðinu. Þá lagði VS fræðslumiðstöðinni Keili til stofnfé á sínum tíma og átti lengi vel fulltrúa í varastjórn Keilis.

### Útgáfu og kynningarmál

Félagið hefur sent félagsmönnum bækling einu sinni á ári þar sem kynntir eru orlofsvalkostir, aðalfundur og fl. Félagið er einnig með heimasíðu [www.vs.is](http://www.vs.is) sem nýlega var uppfærð.



### Þróun félagsmannafjölda Vmf. Skagafjarðar

Félagsmannafjöldi hefur haldist frekar stöðugur. Í árslok 2015 voru þeir 176 en í árslok 2016 voru þeir 181. Sem fyrr eru konur 2/3 af félagsmönnum. Atvinnuleysi er nánast ekkert hjá félagsmönnum.

### Rekstur félagsins og húsnæði

Hagnaður félagsins árið 2015 var tæplega 7,3 milljónir, þar af voru fjármagnstekjur 4,4 milljónir. Árið 2016 var hagnaðurinn rúmlega 7,7 milljónum og þar af voru fjármagnstekjurnar 4,9 milljónir. Eignir félagsins í árslok 2016 voru rúmlega 189 milljónir.

### Félagsstarf og fundir

Haldnir eru 7-9 stjórnarfundir á ári í félaginu, síðan eru haldnir fundir í trúnaðarráði eins og þarf hverju sinni. Almennir félagsfundir auk aðalfundar eru síðan 1-2 á hverju ári.

### Sjúkrasjóður

Rekstur sjóðsins hefur verið svipaður undanfarin ár en sl. 2 ár hafa þó verið að aukast greiðslur sjúkradagpeninga hvort sem að ástandinu í þjóðfélaginu er um að kenna eða ekki. Félagið greiðir einnig út ýmsa styrki s.s. til sjúkrahjálfunar, sjúkranudds, líkamsræktar, krabbameinsskoðunar o.fl. Á hverju ári eru í kringum 100 afgreiðslur úr sjúkrasjóðnum. Tekjur sjóðsins hafa alltaf verið meiri en útgreiðslur þannig að peningaleg staða sjóðsins er ágæt. Hrein peningaleg eign um sl áramót var rúmlega 106 milljónir. Þá hefur sjóðurinn átt um langt árabíl íbúð í Reykjavík ásamt hinum stéttarfélagunum í Skagafirði, sem að leigð er út til þeirra sem að þurfa að leita sér lækningar á höfuðborgarsvæðinu. Sjóðurinn lét gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins 2012 og kom hann mjög vel út úr þeirri úttekt og getur staðið fullkomlega við sínar lögbundnu skuldbindingar.

### Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Félagið á sumarhús í Varmahlíð í Skagafirði ásamt Öldunni stéttarfélagi og einnig íbúð í Reykjavík ásamt hinum stéttarfélagunum í Skagafirði til almennrar útleigu til félagsmanna. Þá hefur félagið greitt um nokkurra ára skeið orlofsstyrki sem að vegur upp á móti því að félagið á ekki nema eitt orlofshús til almennrar útleigu. Um 40 til 50 félagsmenn nýta sér þessa orlofsstyrki árlega. Á árinu 2016 námu þessir styrkir um 780 þúsund kr.

### Fræðslumál

Félagið hefur verið í samvinnu við Farskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og styrkt þar námskeið sem hafa verið í gangi fyrir félagsmenn. Félagið hefur einnig veitt Farskólanum rekstrarstyrk árlega. Þá hefur verið töluverð ásókn í styrki til starfsmenntasjóðs sem er mjög af hinu góða. 30 - 40 félagsmenn nýta sér árlega styrki úr sjóðnum. Félagsmenn eru duglegir bæði við starfstengt nám og tólmstundanámskeið.

### **Atvinnumál svæðisins**

Atvinnumál hjá félagsmönnum hafa verið í þokkalegu ástandi árin 2015-2016 og ekki mikið atvinnuleysi. Verslunarmannafélagið hefur þurft að lýsa einni kröfu í þrotabú á þessu tímabili. Hins vegar hefur lítil sem engin fjölgun fyrirtækja verið í þessari flóru.

### **Samskipti við atvinnurekendur**

Samskipti við atvinnurekendur hafa gengið nokkuð vel fyrir sig á þessu tímabili. Of mikið er um að fólk fái einungis greitt eftir töxtum og lítið við því að gera. Kaupfélag Skagfirðinga er langstærsti atvinnurekandinn á svæðinu og rekur jafnframt stærstu verslanirnar.

### **Annað**

Félagið er í samstarfi við skrifstofu stéttarfélaganna í Skagafirði ásamt Öldunni-stéttarfélagi og Starfsmannafélagi Skagafjarðar. Starfsmenn skrifstofunnar sjá um allan daglegan rekstur og umsýslu fyrir félagið, túlkun kjarasamninga og alla almenna þjónustu við félagsmenn. Félögin halda einnig úti sameiginlegri heimasíðu [www.stettarfelag.is](http://www.stettarfelag.is)



### **Þróun félagsmannafjölda og atvinnulausra hjá Samstöðu stéttarfélagi**

Félagsmenn Stéttarfélagsins Samstöðu voru í heildina 754 með gjaldfrjálsum þann 31.12.2016 og er það nokkur fækkun. Í deild verslunarmanna voru 73 þar af 7 gjaldfríir.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Félagið er með aðalskrifstofu sína á Blönduósi sem er opin alla daga, í eigin húsnæði. Einnig er rekin skrifstofa á Hvammstanga í leiguhúsnæði og þar er starfsmaður í 50% stöðugildi. Rekstur félagsins er með óbreyttu sniði milli ára og vísast þar í ársreikninga félagsins.

### **Félagsstarf og fundir**

Stjórnarfundir eru yfirleitt haldnir einu sinni í mánuði nema yfir sumarmánuðina og fundir með stjórn og trúnaðarmannaráði eftir þörfum þ.e. hvaða málefni liggja fyrir hverju sinni. Fundur í deildinni var einn, aðalfundur deildarinnar.

### **Starfsemi sjúkrasjóðs**

Rekstur sjúkrasjóðs var í nokkuð hefðbundnum farvegi árið 2015 - 2016 en var óvenju þungur árið 2016. Sjóðurinn hefur sjálfstæða þriggja manna stjórn sem fundar í lok hvers mánaðar. Séu einhver álitamál hefur það komið fyrir að stjórnin vísi málum til stjórnar og trúnaðarmannaráðs en það er ekki algengt. Vísast að öðru leyti í lög sjúkrasjóðs Stéttarfélags Samstöðu.

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Félagið á eitt hús að Illugastöðum í Fnjóskadal og helming í húsi í Ölfusborgum á móti Öldunni stéttarfélagi í Skagafirði. Félagið hefur síðan tekið hús á leigu yfir sumartímann og endurleigt sínum félagsmönnum.

Sl. sumar voru þrjár valkostir til viðbótar, sumarhús á Einarsstöðum á Héraði, Flúðum og 6 vikur í húsi í Borgafirði.

### **Atvinnumál á félagssvæðinu**

Atvinnumál á svæði Stf. Samstöðu eru með svipuðu sniði og sl. ár. Ekki er mikið atvinnuleysi en fleiri atvinnutækifærum tækjum við fagnandi.

### **Fræðslumál**

Félagið hélt trúnaðarmannanamskeið í samvinnu við Ölduna stéttarfélag. í Skagafirði og var það haldið í Blöndustöð, hefur svo verið undanfarin ár.

Einnig eru margir félagsmenn að nýta sér námskeið á vegum Farskólans - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.

Félagið bauð uppá tólmstundanámskeið fyrir sína félagsmenn endurgjaldslaust og mæltist það vel fyrir. Þá er nokkuð um að fólk sé í fjarnámi og fólk er duglegt að nýta sér starfsmenntasjóðina.

### Útgáfu og kynningarmál

Samstaða gaf út eitt blað á ári síðastliðin tvö ár, þar sem upplýsingum er komið til félagsmanna svo sem um sumarhús, rétt í sjúkrasjóði, vakin athygli á starfsmenntasjóðum ásamt fleiri réttindum.

### Annað

Samskipti við atvinnurekendur er að mestu leyti góð á svæðinu og þjónusta stéttarfélagsins vel nýtt. Félagið er með vinnueftirlitsfulltrúa sem fer um svæðið ásamt fulltrúa sem ráðinn var sameiginlega á Norðurlandi vestra.



### Þróun félagsmannafjölda og atvinnulausra Vlf. Þórshafnar

Félagsmenn á árinu 2017 eru 15 og hefur þessi fjöldi verið svipaður síðustu ár. Af þessum 15 einstaklingum eru 87% konur. Atvinnuástand er gott og sem stendur er enginn félagsmaður á atvinnuleysiskrá

### Rekstur félagsins og húsnæði

Rekstur deildarinnar er í umsjón Verkalýðsfélags Þórshafnar, að Langanesvegi 18, 680 Þórshöfn. Þar starfar einn starfsmaður á skrifstofu og heldur utan um rekstur félagsins.

### Félagsstarf og fundir

Deild verslunar- og skrifstofufólks Verkalýðsfélags Þórshafnar heldur árlega aðalfund en þar fyrir utan er deildin þáttakandi í starfssemi Verkalýðsfélags Þórshafnar sem heldur hádegisverðarfundum, fundum í trúnaðarráði og aðra félagsfundum.

### Starfsemi sjúkrasjóðs

Sjúkrasjóðurinn er nokkuð hefðbundinn sjúkrasjóður og hafa úthlutanir úr honum verið svipaðar undanfarin ár. Félagsmenn eru mikið að nýta sér einstaka flokka s.s. sjúkrahjálfun, nudd, gleraugnastyrki, krabbameinsskoðanir og íþróttastyrki. Þá eru félagsmenn sem stunda reglubundna hreyfingu í íþróttahúsinu á Þórshöfn að gera það með styrk úr sjúkrasjóðnum.

### Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa:

Félagsmenn deildar verslunar- og skrifstofufólks Verkalýðsfélags Þórshafnar hafa fullan aðgang að Orlofssjóði Verkalýðsfélags Þórshafnar. Orlofssjóðurinn á 2 hús í Kjarnaskógi við Akureyri sem eru vel nýtt. Á sumrin hefur félagið verið í samstarfi við Framsýn á Húsavík um sumarhús og getur því boðið félagsmönnum sínum sumarhús vítt og breitt um landið yfir sumartímann. Þá hafa félagsmenn verið duglegir að nýta sér aðra kosti sem orlofssjóður hefur uppá að bjóða. Þar er helst að nefna niðurgreiðslu á flugi milli Húsavíkur og Reykjavíkur sem félagið býður upp á í samstarfi við Framsýn á Húsavík en einnig niðurgreiðslu á hótélum og tjaldsvæðastyrki.

### Atvinnumál á félagssvæðinu

Atvinnuástand á félagssvæðinu er gott og lítið um atvinnuleysi.

### Fræðslumál

Verkalýðsfélag Þórshafnar hefur umsjón með trúnaðarmannafræðslu, öðrum námskeiðum og sér um að greiða styrki úr starfsmenntasjóði.

### Útgáfu og kynningarmál

Verkalýðsfélag Þórshafnar er með samstarf við Framsýn um útgáfu fréttabréfs og heimasíðu.





### **Bróun félagsmannafjölda Framsóknar stéttarfélags**

Á árinu 2016 greiddu 211 manns til félagsins, þar af eru konur í miklum meirihluta eða 150 á móti 61 karlmanni. Fjöldi félagsmanna innan deildarinnar stóð í stað milli ára 2015 og 2016. Fjöldi félaga í árslok 2016 var 240, fullgildir félagar voru 218.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Skrifstofa stéttarfélaganna er rekin sameiginlega af stéttarfélögunum í Þingeyjarsýslum, auk þess sem Verkalyðsfélag Þórshafnar er með þjónustusamning við Skrifstofu stéttarfélaganna. Rekstur skrifstofunnar gengur vel en mikil aukning hefur verið í starfsemi stéttarfélagsins með auknum umsvifum í uppbyggingu iðnaðar á svæðinu. Innheimta félagsgjalda var með svipuðu sniði og árið á undan. Almennu eru launagreiðendur samviskusamir að skila félagsgjöldum og mótframlögum á réttum tíma. Formaður deildarinnar er ekki starfsmaður Stéttarfélagsins og því staðsettur utan skrifstofu, í góðu sambandi við starfsfólk hennar.

### **Félagsstarf og fundir**

Jafnan eru haldnir tveir - fjórir stjórnarfundir á hverju ári auk aðalfundar deildarinnar sem haldinn er fyrir lok janúar ár hvert. Formaður deildarinnar situr einnig í stjórn Framsóknar og sækir þar stjórnarfundir. Fjölmargir opnir kynningarfundir eru haldnir fyrir alla félagsmenn Framsóknar sem verslunar- og skrifstofufólk sækir einnig. Framsókn heldur utan um félagsstarf og meðal fastra liða má nefna sumarferð félagsmanna, jólaboð stéttarfélaganna sem ávallt eru vel sótt, jólafundur fyrir trúnaðarmenn og aðra sem sinna störfum fyrir félagið, fundir um kjaramál auk margvíslegra fræðslufunda. Þá má ekki gleyma veglegri hátíð 1. maí með kraftmiklum barátturæðum og fjölda skemmtiatriða. Boðið er upp á kaffi og köku og að jafnaði mæta um 700 gestir á hátíðahöldin.

Formaður deildarinnar sat þing ASÍ á árinu 2016 sem og haustfund Alþýðusambands Norðurlands auk formannafunda LÍV, svo fátt eitt sé nefnt.

Framsókn stéttarfélag heldur úti öflugri vefsíðu sem birtir upplýsingar og fréttir auk þess að gefa út fréttablað annan hvern mánuð.

### **Sjúkrasjóður**

Sjóðsfélagar Sjúkrasjóðs Framsóknar, stéttarfélags njóta fjölbreyttra réttinda hjá sjúkrasjóðnum í samræmi við reglugerð hans. Réttindi í sjóðnum miðast við greitt félagsgjald til sjóðsins hverju sinni og aðild umsækjanda að félaginu. Staða sjóðsins er sterk með fjölbreyttum réttindum. Helstu réttindi eru;

Sjúkradagpeningar til sjóðsfélaga vegna eigin veikinda eða slysa

Sjúkradagpeningar til sjóðsfélaga vegna veikinda eða slysa barna/maka

Endurhæfing hjá NFLÍ Hveragerði eða sambærilegri stofnun

Sjúkraþjálfun

Dánarbætur

Fæðingarstyrkur

Glasafriðungun

Krabbameinsskoðun og hjartaskoðun

Heilsurækt sjóðsfélaga

Sálfræðiaðstoð

Tækjastyrkir

Niðurgreiðsla vegna augnaðgerða

## **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Orlofsmál eru mikilvæg í starfi félagsins. Sameiginleg orlofsnefnd félaganna vinnur að því að bjóða félagsmönnum upp á marga góða kosti í orlofsmálum og má þar t.a.m. nefna orlofshús, gistiávisanir á Foss- og Edduhótel, Hótel Keflavík, Hótel KEA, Hótel Norðurland, Iceland Air hótel Natura og Akureyri, Gistihús Keflavíkur, Hótel Reykjavík Lights, Lamb-inn Öngulsstöðum, Ráðhúsið íbúðahótel Akureyri, á farfuglaheimilum, endurgreiðslu á gistikostnaði á tjaldsvæðum og vegna kaupa á útilegukortum. Félagið á og rekur þrjár íbúðir í Þorrasölum í Kópavogi auk þess sem Þingið (félag iðnaðarmanna) á þar eina íbúð. Einnig á félagið íbúð í Asparfelli Reykjavík og orlofshús í Dranghólaskógi og Illugastöðum. Þá hafa félagsmenn aðgang að leiguíbúð á Spáni. Nýting á orlofsíbúðum og húsi félagsins er mjög góð. Ekkert punktakerfi er við lýði hjá stéttarfélagunum í Þingeyjarsýslu heldur leitast við að sem flestir félagsmenn sem sækja um orlofshús fái úthlutun.

## **Atvinnumál svæðisins**

Framkvæmdir vegna uppbyggingar iðnaðar á athafnasvæði Bakka og Þeistareykja eru á lokastigi en á síðasta ári hafa um 800 manns verið við störf á svæðinu. Það kallar á aukna þjónustu auk þess sem stöðug uppbygging hefur átt sér stað í ferðaþjónustu með síauknum fjölda ferðamanna. Því hefur þjónustuframboð aukist jafnt og þétt, lengri opnunartími og meira vöruframboð kallar á fleira starfsfólk í verslun og þjónustu. Breyting varð á rekstrarfyrirkomulagi matvöruverslunar á Húsavík en enn er skortur á stærra verslunarhúsnæði. Varla er um atvinnuleysi á starfssvæðinu að ræða og er sá fjöldi hverfandi.

## **Samskipti við atvinnurekendur**

Atvinnurekendur eiga góð samskipti við skrifstofu Framsýnar sem sér um öll almenn samskipti og þjónustu en mikil umsvif í héraði hefur áhrif á starfsemi félagsins. Formaður og stjórn deildar verslunar- og skrifstofufólks er einnig í góðum samskiptum, m.a. með samstarfi í verkefnum og vinnustaðaheimsóknum

## **Fræðslumál**

Boðið er upp á margvíslega fræðslufundi fyrir alla félagsmenn Framsýnar. Þeir eru jafnframt hvattir til þess að sækja sér aðra almenna fræðslu og nýta þá m.a. styrki til starfsmenntunar.

## **Annað**

Félagsmenn Framsýnar njóta góðra kjara hjá flugfélaginu Erni. Félagsmenn fá flugfarið á aðeins kr. 8.900- sem er frábær kjarabót og vel nýtt af félagsmönnum um leið og það styrkir enn frekar undir stoðir áætlunarflugs til Húsavíkur.



## **Þróun félagsmannafjölda Verkalýðsfélags Snæfellinga**

Fjöldi félagsmanna í deild verslunarmanna er á bilinu 83-110 og er það svipað og hefur verið áður. Er þar með talið hluta starfandi og sumarafleysingafólk.

## **Rekstur félagsins og húsnæði**

Rekstur félagsins er í góðu standi eins og ársreikningar sína. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ólafsvík en jafnframt eru reknar skrifstofur á Stykkishólmi og Grundarfirði.

## **Félagsstarf og fundir**

Haldnir hafa verið að meðaltali einn stjórnarfundur í mánuði og tveir félagsfundir á ári.

## **Sjúkrasjóðir.**

Greiðslur úr sjúkrasjóði hafa lítið breyst á milli ára.

## Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Orlofssjóður hefur verið rekinn með tapi vegna endurnýjunar á íbúðum. Félagið á fjórar íbúðir í Kópavogi og eina í Reykjavík og er mikil eftirsókn í þær. Einig á félagið tvo bústaði í Ölfusborgum og hefur eftirsókn í þá dalað talsvert. Félagið er einnig meðeigandi í íbúð á Spáni og hefur sá rekstur gengið vel og er vel nýtt.

## Atvinnumál svæðisins

Atvinnuástand hefur verið nokkuð gott á svæðinu hjá verslunarfólki og atvinnuleysi í lágmarki á svæðinu í heildina. Samskipti við atvinnurekendur hafa verið misjöfn.

## Fræðslumál

Útgreiðsla úr starfsmenntasjóði hefur aukist á tímabilinu.



### Þróun félagsmannafjölda Stéttarfélags Vesturlands

Félagsmenn Stéttarfélags Vesturlands skiptast þannig eftir kynjum, karlar 636 og konur 666, alls 1.302. Alls greiddu 1.442 einstaklingar iðgjöld til félagsins árið 2016, þar af voru 1.176 fullgildir greiðendur, en 266 greiddu í minna en sex mánuði á árinu. Gjaldfrjálsir félagar voru alls 126.

Félagsmenn skiptast þannig milli þeirra landssambanda sem félagið er aðili að:

	31.12.16	31.12.15	31.12.14	31.12.13	31.12.12
Starfsgreinasamband Íslands	1110	894	933	938	866
Landssamband ísl. verslunarmanna	150	154	166	162	182
Samiðn, samband iðnfélaga	42	62	56	54	56
<b>Samtals</b>	<b>1302</b>	<b>1110</b>	<b>1155</b>	<b>1154</b>	<b>1104</b>

## Rekstur félagsins og húsnæði

Verulegur viðsnúningur hefur orðið í rekstri Stéttarfélags Vesturlands, eftir þau erfiðu ár sem komu í kjölfar hrunsins. Allir sjóðir voru jákvæðir og samanlagður afgangur af rekstri var kr. 12,6 millj. á árinu 2016, en á fyrra ári var halli á rekstri Félags- og Orlofssjóðs en lítilsháttar afgangur af Sjúkrasjóði. Sveiflur hafa verið í rekstri sjóðanna síðustu ár. Samanlagður halli 2015 er kr. 3.145.453, en halli á samstæðunni 2014 var kr. 2.143.296, afgangurinn var kr. 811.979 árið 2013. Sé hinsvegar litið til ársins 2011 var niðurstaðan neikvæð um kr. 8.419.866.

Rekstrarniðurstaða sjóðsins var jákvæð árið 2016 um 2,8 millj. kr, en halli var á árinu 2015 um 2,2 millj. kr. Hallinn á árinu 2014 var um 1,7 millj. kr. en var árið 2013 jákvæður um 0,8 millj. kr. Verst var niðurstaðan á árinu 2011, þá nam hallinn 7,9 millj. kr. Eigið fé sjóðsins að meðtöldum verkfallssjóði nam í árslok 28,9 millj. kr. en var 27 millj. kr. í lok ársins á undan. Veltufé til rekstrar nam 1,4 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi. Handbært fé minnkaði um 2,7 millj. kr. á árinu. Handbært fé Félagssjóðs í árslok nam 7,2 millj. kr.

Rekstrarniðursstaða Félagsjóðs, Sjúkrasjóðs og Orlofssjóðs samanlagt var jákvæð árið 2016 um 12,6 millj. kr. en rekstrarniðurstaðan var neikvæð um 3,1 árið 2015, og var einnig neikvæð á árinu 2014 um 2,1 millj. kr. Lökust varð afkoman árið 2011, eða neikvæð um 8,4 millj. kr. Eignir félagsins voru samtals 276,8 millj. kr. í árslok 2016 á móti 264,2 millj. kr. í lok ársins á undan. Veltufé frá rekstrar nam 9,2 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi. Handbært fé sjóðanna minnkaði um 12,8 millj. kr. á árinu, var 131,9 millj. kr. í árslok. Eigið fé og skuldir sjóða félagsins samanlagt í árslok nam 289 millj. kr. en 275,8 millj. kr. í árslok 2015.

Auk orlofshúsa og íbúða á Stéttarfélag Vesturlands hús við Sæunnargötu 2a í Borgarnesi. Það hús hýsir meginþættina í starfsemi félagsins og þar er ágætur fundarsalur sem félagið hefur leigt út fyrir afar hóflegt gjald. Félagssjóður og Sjúkrasjóður félagsins eiga að jöfnu Alþýðuhúsið, Sæunnargötu 2a í Borgarnesi.

Þá á félagið tvö ágæt skrifstofuherbergi í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal, að Miðbraut 11, eða samtals um 5% af heildareigninni. Annað skrifstofuherbergið hefur staðið ónotað í nokkur ár, því

ekki hefur tekist að finna leigjanda, hitt hefur félagið nýtt. Síðla árs 2015 var tekin ákvörðun um að loka skrifstofunni að Innrimel frá áramótum. Einnig eru ekki farnar reglubundnar ferðir í Búðardal. Starfsmenn félagsins munu sinna tilfallandi verkefnum á báðum þessum stöðum eftir þörfum og eftirspurn. Félagið hefur heimsótt vinnustaði t.d. MS í Búðardal og Samkaupsverslunina þar, einnig hefur verið farið í heimsókn í Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit. Félagssjóður á 55,7% og Sjúkrasjóður 44,3% í húsnæðinu að Miðbraut 11 Rekstrarkostnaður þessara eigna skiptist til helminga

Starfsmenn Stéttarfélags Vesturlands árið 2016 voru: Signý Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri og formaður félagsins, Silja Eyrún Steingrímsdóttir, skrifstofustjóri ráðin í tímabundið vegna námsleyfis Sjafnar Elísu Albertsdóttur, leyfi hennar var framlengt til vors 2017. Erla Reynisdóttir, skrifstofumaður, er sem fyrr í fullu starfi. Steinhildur Sigurðardóttir, VIRK ráðgjafi, hefur átt við veikinda að stríða, hún kom til starfa í fullt starf í lok febrúar en fór aftur í veikindaleyfi í byrjun september. Virk ráðgjafar af Akranesi og frá Húsavík hafa sinnt starfinu í hennar forföllum. Auk þeirra er Bylgja Dögg Steinarsdóttir, ræstitæknir, í hlutastarfi.

### **Sjúkrasjóður**

Fundir stjórnar Sjúkrasjóðs voru 11 á árinu 2016, þar af 7 símafundir. Stjórnin fjallaði um og afgreiddi þær umsóknir sem fyrir lágu og allt annað sem viðkom rekstri sjóðsins. Eftirtöldum bótaflokkum hefur verið bætt við verkefni sjóðsins sem ákveðin voru 1. janúar 2007, það var gert 1. júní 2008 : Göngugreining, viðtalsmeðferð hjá sálfræðingum og fjölskylduráðgjöfum og dvöl samkvæmt tilvísun læknis á endurhæfingarstofnun. Einnig hækkuðu fjárhæðir verulega frá sama tíma.

Fjárhæðir hámarks dagpeninga og dánarbóta breytast nú 1. janúar ár hvert og taka mið af breytingum á launavísitölu, ( þó ekki dánarbætur sem breytast samkv. neysluvísitölu), sem Hagstofnan gefur út, viðmiðið er nóvember til nóvember ár hvert. Stjórn sjóðsins samþykkti að gera tilraun með að bjóða nemendum Menntaskóla Borgarfjarðar allt að þremur tímum í viðtöl hjá sálfræðingum sem þátttöku í forvör, skólinn greiðir einn tíma og félagið tekur síðan við. Ekki hafa margir nemendur nýtt sér þetta en fyrir fundinum liggur tillaga um að framlengja þessa tilraun. Einnig liggur fyrir fundinum tillaga að frekara forvarnarstarfi.

Sjúkradagpeningar vegna eigin veikinda eða veikinda maka, voru greiddir til 32(24) félagsmanna árið 2016 samtals í 2102 (1909) daga eða að meðaltali í um 66 (80) daga. Vegna áfengis eða vímuefna meðferðar, v/veikinda maka og/eða barna var\_3 (1), \_styrkir greiddir á árinu 2016, greitt var til 13 karla og 19 kvenna. Bætur v/ sjúkraþjálfunar/sjúkranudds fengu 91 (102), v/heilsueflingar 89 (100), v/barnsfæðinga 18 (37), v/ráðgjafaviðtala 20 (10), v/glasafrjóvgunar 0 (2), v/gleraugnakaupa 65 (38), v/gleraugnakaupa barna 13 (10), v/heyrratækjakaupa 2 (1), v/krabbameinsrannsóknna 62 (46), v/rannsóknna hjá Hjartavernd 8 (6), v/dánarbóta 10 (11). Samtals voru greiddir 430 (413) styrkir eða dagpeningar til félagsmanna úr Sjúkrasjóði Stéttarfélags Vesturlands árið 2016. Greiðslur úr sjóðnum voru 294 (265) til kvenna og (136) til karla.

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Fundir stjórnar Orlofssjóðs voru 4 á árinu 2016.

Stéttarfélag Vesturlands á nú tvö orlofshús í Húsafelli og eitt í Ölfusborgum. Félagið seldi íbúðina að Furulundi 8 o á Akureyri og keypti 110 fm. íbúð að Ásatúni 26, sem er í 12 íbúða fjölbýli. Þessir fjórir valkostir voru í boði fyrir félagsmenn allt sumarið 2016.

### **Starfsmenntamál**

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks veitti 17 (20) (33) félagsmönnum styrki á árinu, 6 (6) (5) körlum og 11 (14) (28) konum, samtals að upphæð kr. 1.127.855 (1.135.725) (1.361.463). Fjölmennustu styrkjaflokkarnir eru Háskólanám 6 (7) (10) að upphæð 832.5000 (558.650) (750.813) en einnig eru tólmundastyrkir vinsælir. Hér hefur umsóknum fækkað frá því í fyrra og munar nánast helmingi frá árinu þar áður.

**Eigin starfsmenntasjóður** - Stéttarfélag Vesturlands veitti styrki til 2 (6) (5) félagsmanna á árinu 2016 að heildarupphæð 92.925 (209.900) (294.490) og voru það 2 karlar sem fengu styrki. Úr eigin sjóði félagsins fá þeir styrki sem eru innan lðunnar og fá því ekki úthlutað styrkjum úr þeim sjóði þar sem hann skipuleggur námskeið sjálfur. Þetta eru iðulega starfsmenntastyrkir eða styrkir til háskólanáms, aukinna ökuréttinda eða vinnuvélaréttinda og gilda sömu úthlutunarreglur úr eigin sjóði félagsins eins og úr Landsmennt.

### **Fræðslu- og menningarsjóður**

Hann er í vörslu Félagssjóðs. Hann stendur nú í kr. 3.142.091 (3.120.295) og tekjur hans hafa eingöngu verið fjármagnstekjur. Þessi sjóður var við stofnun hans fyrst og fremst hugsaður til að kosta ritun og útgáfu sögu Verkalýðsfélags Borgarness. Lítilsháttar hefur verið veitt úr sjóðnum til að styrkja einstaklinga sem ekki eiga rétt á styrkjum úr öðrum fræðslusjóðum. Reglugerð fyrir sjóðinn var samþykkt á aðalfundi 2008.. Orlofssjóður á tvö orlofshúsi í Húsafelli og á auk þeirra hús í Ölfusborgum. Sjóðurinn hefur átt frá því í ársbyrjun 2011 glæsilega íbúð að Ásholti 2 í Reykjavík. Í ársbyrjun 2016 var keypt 110 fermetra íbúð á Akureyri í nýju fjölbýlishúsi að Ásatúni 26, hún er því tvöfalt stærra en gamla íbúðin í Furulundinum. Segja má að hún sé jafnframt tvöfalt glæsilegri. Þessi skipti hafa vakið verulega ánægju meðal þeirra félagsmanna sem nýtt hafa þennan kost.

### **Samskipti við atvinnurekendur**

Í janúar 2016 var skrifað undir samning milli ASÍ og SA um breytingar á kjarasamningunum frá því í maí/júní 2015. Ástæðan var sú að ríkið og sveitarfélögin ásamt kjaradómi höfðu komist að þeirri niðurstöðu að rétt væri að greiða hærra laun en samið hafði verið um á hinum almenna markaði. Miðað við að kaupmáttur launafólks var að aukast með lágri verðbólgu og sterku gengi, þá var ákveðið að taka hluta af kjarabótum með því að hækka framlög launagreiðanda í lífeyrissjóði ASÍ félaga á almenna markaðnum, í áföngum í 11,5%. Þannig væri stigið skref í jöfnun lífeyrisréttinda á hinum almenna og opinbera markaði.

Einnig var samþykkt að í stað þess að leggja áherslu á lægstu launataxta eins og gert var vorið 2015 með því að hafa sérstaka hækkun á þá, varð það almenn hækkun á öllum laun, launahækkun sem átti að vera 1. maí 2016 var færð til 1. jan. 2016 og bæði launahækkun 1. maí 2017 og 1. maí 2018 verða 4,5% í stað 3,5% og 3% í stað 2%. Vinna hófst síðla árs 2015 við að gera einn miðlægan samning milli Stéttarfélag Vesturland, Einingar- Iðju, Afli stéttarfélag og Bárunnar annarsvegar og Mjólkursamsölunnar hinsvegar vegna starfsmanna. Þeirri vinnu lauk í apríl 2017.

Samkvæmt opinberum tölum hefur dregið hlutfallslega úr atvinnuleysi á Vesturlandi á árinu 2016 og var 1,5% (1,9%) í árslok, eða 46 (42) á okkar félagssvæði. Á landinu öllu var atvinnuleysið um 2,3% (2,9 %) í lok árs. Það er greinilegt að störfum heldur áfram að fjölga og fyrirtæki sækja í auknum mæli, starfskrafta til útlanda. ASÍ hrinti af stað vorið 2016, sérstöku verkefni „Einn réttur ekkert svindl“ sem á að tryggja eins og frekast er unnt að starfsfólk sem til landsins kemur fái laun ekki lakari en kjarasamningar kveða á um. Einnig óttast verkalýðshreyfingin að það geti hugsanlega þrífist mansal á landinu og hefur lagt í mikla herferð til að vekja samfélagið til umhugsunar og aðgæslu hvað það mál varðar. Stéttarfélag Vesturlands hefur ekki getað sinnt þessu verkefni sem skyldi sökum manneklu og félaginu hefur ekki gengið nægilega vel að fá aðila til samstarfs á svæðnu. Verkefnið er mjög þarft, en kallar líka á aukna vinnu við eftirrekstur og samstarf við opinberar stofnanir s.s. RSK, VMST, VER og Heilbrigðiseftirlit. Misjafnlega gengur að koma þessu samstarfi á.

### **Útgáfa**

Stéttarfélagið gaf út 1 tölublað af Félagsfréttum árið 2016. Í mars var gefið út hið árlega orlofsblað þar sem orlofskostir sumarsins voru kynntir félagsmönnum ásamt umsóknareyðublaði fyrir félagsmenn til að senda inn til skrifstofu félagsins Félagsblaðið var sent inn á hvert heimili á félagssvæðinu og á heimili þeirra félagsmanna er búa utan svæðisins. Í blaðinu var kynntur til sögunnar nýr orlofsvefur, sem gerir félagsmönnum kleift að bóka og greiða leigu á sumarhúsum félagsins án þess að það fari í gegnum skrifstofu félagsins. Þessi vefur gerir það að verkum að

félagsmenn geta hvenær sem er séð hvort eitthvað er laust í bústöðum og íbúðum og afgreitt sig sjálfir að mestu. Félagið hefur aukið að senda fréttir út á samfélagsmiðlum s.s. Fésbókinni.

### Félagsstarf og fundir

Sameiginlegur aðalfundur deilda félagsins var haldinn 12. apríl. Þetta var í sjötta sinn sem þessi háttur var hafður á. Harpa Ólafsdóttir hafræðingur Eflingar stéttarfélags kynnti fundarmönnun niðurstöður úr kjarakönnun sem Flóinn hefur látið gera árlega í meira en áratug. Eftir innkomu Stéttarfélags Vesturlands í kjarasamningsumhverfi Flóans þá er það álitlegt fyrir félagið að taka þátt í þessari könnun.

**DVS** - Í deild verslunar- og skrifstofufólks eru eftirtaldir í stjórn:

Formaður Einar O. Pálsson, varaformaður Helga Ólafsdóttir, meðstjórnandi Anna Kristín Stefánsdóttir, ritari Guðrún Helga Andrésdóttir, meðstjórnandi Bylgja D. Steinarsdóttir. Varamenn í stjórn eru Kristján Jóh. Pétursson og Elsa Þorgrímsdóttir, bæði kosin til 2016. Einar, Guðrún Helga og Anna eru kosin til 2017 en Helga og Bylgja eru kjörnar til 2018.

Stéttarfélag Vesturlands og Kjölur stéttarfélag starfsmanna í almannapjónustu stóðu að vanda saman að hátíðarhöldum í Hjálmakletti. Breytt var um fundartíma og hófust þau nú kl. 11:00 að morgni. Signý Jóhannesdóttir formaður Stéttarfélags Vesturlands setti hátíðina. Því næst flutti Barnakór Borgarness nokkur lög. Sigurður Bessason formaður Eflingar stéttarfélags og 2. varaforseti ASÍ hélt barátturæðu. Síðan sungu Alda Dís og Mummi nokkur lög, að lokum söng Freykjukórinn undir stjórn Zsuzsönnu Budai og enduðu þær á Nallanum. Í lok dagskrár var samkomugestum boðið upp á súpu og brauð sem framreidd var af börnum úr 9. bekk Grunnskóla Borgarness og foreldrum þeirra. Félögin buðu börnum upp á eina bíósýningu í Óðali. Samkoman í Hjálmakletti var ekki nægilega vel sótt en um 100 manns komu til hátíðarinnar. E.t.v. var breyttur tími ekki nægilega vel auglýstur.

Stéttarfélag Vesturlands stóð að samkomu í Búðardal í samvinnu við Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu. Þar var kynnt Kristín G. Ólafsdóttir, ræðumaður var Garðar Hilmarrson, formaður Starfsmannfélags Reykjavíkurborgar. Skemmtiatriði fluttu Halldór Ólafsson (Lolli) trúbador og Valgeir Guðjónsson, Stuðmaður með meiru. Dagskráin í Búðardal hófst að venju kl. 14:00 og lauk henni með kaffisamsæti.

### Annað

Þessi skýrsla á að innihalda stuttar lýsingar á því helsta sem viðkemur félagsstarfi og rekstri Stéttarfélags Vesturlands á árinu 2016. Fjárhagsstaða Stéttarfélags Vesturlands er nokkuð sterk en reksturinn hefur verið þungur síðustu ár. Iðgjaldtekjur félagsins eru aftur farnar að vaxa í krónum talið, en verðgildi þeirra króna er nokkuð annað en það var 2007, þegar upphæð félagsgjalda fór yfir 30 milljónir, fyrir hrúnið. Í kjölfar hrunsins þá voru teknar ákvarðanir um að fjölga starfsfólki og fara í framkvæmdir. Það að skera niður og snúa til baka gengur allt verr, án þess að það bitni á þjónustu við félagsmenn eða ánægju starfsmanna.



### Starfsemi VMS, félagssvæði og sameiningar

Verslunarmannafélag Suðurlands er félag verslunar og skrifstofu fólks á Suðurlandi og nær starfssvæðið yfir þrjár sýslur þ.e. V-Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessýslur. Félagið varð stofnað 15. júní 2000 við sameiningu Verslunarmannafélags Rangárvallasýslu og Verslunarmannafélags

Árnessýslu. Áður höfðu Verslunarmannafélag Rangárvallasýslu og Verslunarmannafélag V-Skaftafellssýslu sameinast. Þessar sameiningar fóru fram vegna þess að félögin voru of fámennt til að geta sinnt félagsmönnum sínum með þeim hætti sem auknar kröfur gerðu.

Starfsemi VMS var með nokkuð hefðbundnum hætti allt fram að því að félagið sameinaðist VR 1. febrúar 2017.

## Rekstur félagsins

Nokkuð mikill tími fór í ferðir formanns á vinnustaði þar sem rætt var við bæði starfsfólk, eigendur og stjórnendur fyrirtækja. Reynt var að heimsækja flest alla staði sem félagsmenn VMS voru á tvisvar til þrisvar á ári. Í ferðabjónustunni varð mikil aukning en fyrirtækin voru fremur lítil þannig að við vorum oft með 2-3 starfsmenn á hverjum stað. Fjölgun félagsmanna var fremur hæg þar sem verslanir sem voru með talsverðann fjölda starfsmanna fyrir hrun, hafa ekki bætt við starfsmönnum í hlutfalli við stórauðna veltu. Þjónusta við félagsmenn var með líkum hætti og undanfarin ár, Þjónustuskrifstofa Stéttarfélaganna á Suðurlandi var rekin sameiginlega af stéttarfélagunum sem eru til húsa á Austurvegi 56 á Selfossi 8644 þ.e. af Verslunarmannafélagi Suðurlands, Bárinni stéttarfélagi og FIT Félagi iðn og tæknigreina. Öll þessi félög eru með einn starfsmann á launum og kaupa svo þá þjónustu sem hvert og eitt félag þarf af ÞSS.

## Sjúkrasjóður

Mikil aukning var í umsóknum um sjúkradagpeninga sjúkrasjóðs og var þar fyrirferðamest umsóknir vegna stoðkerfisvandamála og geðrænna sjúkdóma. Stoðkerfis vandamálin er mest hjá verslunarfólki og bendir til þess að staða afgangslúfólks sé óviðunandi, sem sjá má á óhóflegu vinnuálagi starfsfólks vegna vanmönunnar. Úttekt tryggingafræðings á sjóðnum var gerð fyrir þremur árum og á að fara fram 2017. Í þessari úttekt kom sjúkrasjóðurinn nokkuð vel út þó blikur væru á lofti vegna fjölgunar umsókna í sjúkradagpeninga.

## Sameining - VR Suðurlandsdeild

Kröfur til stéttarféлага hafa aukist gríðarlega á síðustu árum m.a. er vinnustaðaeftirlit dýrt en nauðsynlegt og auknar kröfur í orlofssjóð o.fl. Nauðsynlegt er því að félögin séu fjölmenn og sterk svo þau geti sinnt öllu því sem kröfur eru um. Á aðalfundi VMS í apríl 2016 var ályktað að kanna möguleika á sameiningu til að styrkja félagið. Kannaður var áhugi félagsmanna með netkosningu, á því hvaða stéttarfélag við vildum helst ræða við. Mikill meirihluti kaus VR og Bárann kom svo næst. Farið var í könnunarviðræður við þessi tvö félög. Báranni stéttarfélagi og VR voru sendar spurningar sem félögin svöruðu. Þessar spurningar og svör voru sett upp í Power Point og notað sem kynningarefni fyrir félagsmenn.

Auka aðalfundur var haldinn 15. nóvember 2016 þar sem samþykkt var tillaga meirihluta stjórnar VMS um samningaviðræður við VR. Samþykkt var breyting á lögum VMS um að fram færi rafræn alsherjaratkvæðagreiðsla vegna væntanlegs sameiningarsamnings við VR. Samningar við VR tókust og 30. desember 2016 undirrituðu Gils Einarsson, formaður VMS og Ólafía Rafnsdóttir, formaður VR samning um sameininguna. Samningurinn var svo kynntur félagsmönnum VMS í janúar 2017 og í seinni hluta mánaðarins var farið í allsherjar atkvæðagreiðslu rafrænt og sá Capacent um atkvæðagreiðsluna. Sameiningin var samþykkt með um 80% atkvæða og tók VR við félagsmönnum VMS 1. febrúar 2017. Á aðalfundi VR í lok mars samþykkti svo VR samninginn.

Skrifstofa ÞSS heldur áfram og er rekin af sömu félögum og áður en þó í smækkaðri mynd. Starfsmenn á skrifstofunni eru 4. Einn starfsmaður í símasvörun og móttöku og þrír fulltrúar hjá VIRK. Hjá VR Suðurlandsdeild eins og deildin heitir eru nú 3 starfsmenn, Ásta Björk í þjónustuveri og starfsmenntasjóði, Kolbrun Júlía sem er í vinnustaðaeftirliti og Gils Einarsson, formaður deildarinnar og sérfræðingur á kjaramálasviði.

Við gömlu félagsmenn í VMS þökkum öðrum félögum samvinnuna á undanförunum árum og vonum að samstarfið verði jafngott, en nú undir merkjum VR.